

ÁRSSKÝRSLA 2000–2001

AÐALFUNDUR
15. MAÍ 2001



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

EFNISYFIRLIT

Ávarp formanns	3
1. kafli: Stjórnir, nefndir og aðildarfélög Samtaka atvinnulífsins	4
2. Kafli: Efnahags- og atvinnumál	7
3. kafli: Kjara- og samningamál	11
4. Kafli: Ábyrgðasjóður launa og Atvinnuleysisstryggingasjóður	15
5. kafli: Jafnréttismál	17
6. kafli: Lífeyrissjóðir	18
7. Kafli: Umhverfismál og Samtök atvinnulífsins	19
8. kafli: Alþingi og dómstólar	21
9. Kafli: Alþjóðastarf á vegum Samtaka atvinnulífsins	24
10. kafli: Menntastarf á vegum Samtaka atvinnulífsins	27
11. Kafli: Útgáfa, kynning og fræðsla	30
12. kafli: Rekstur samtakanna, innra starf og skipulag	33
Ársreikningur 2000	37

Ritstjórn og umsjón með ársskýrslu: Gústaf Adolf Skúlason
Ljósmyndir: Bragi Þór Jósefsson, Charlotta, Haukur Snorrason, Ragnar Th. Sigurðsson og fl.
Kápumynd: Björk Harðardóttir, Odda hf.
Hönnun og umbrot: Árni Pétursson, Odda hf.
Prentvinnsla Oddi hf.

ÁVARP FORMANNS



Finnur Geirsson
formaður Samtaka atvinnulífsins

Annað starfsár Samtaka atvinnulífsins hefur verið viðburðaríkt líkt og hið fyrsta. Samtökin hafa unnið með ýmsum hætti að því meginmarkmiði sínu að hér megi þrífast öflugt atvinnulíf sem geti staðið undir góðum lífskjörum. Samtökin hafa kappkostað að vera öflugur málsvari atvinnulífsins gagnvart stjórnvöldum og almenningi og að veita félagsmönnum góða þjónustu.

Á starfsárinu hafa samtökin komið að gerð á þriðja tugar kjarasamninga. Við endurmat á stöðu kjarasamninga í ljósi verðlags- og launaþróunar náðist sú ánægjulega niðurstaða að ekki væri ástæða að segja samningum upp. Áhöld voru um áhrif kjarasamninga hins opinbera við kennara á samningsforsendurnar en til að liðka fyrir samkomulagi um að ekki væru forsendur til uppsagnar á kjarasamningum var samið um að hækka orlofs- og desemberuppbót. Samtök atvinnulífsins telja að þær hækkanir hafi verið réttlætanager til að stuðla að friði á vinnumarkaði.

Á hinn bóginn er staða deilunnar við fiskimenn auðvitað mikið áhyggjuefni. Þegar þetta er ritað hefur verkfall þeirra staðið yfir í um 40 daga samtals og enn er óútséð um lausn þess. Kjaradeilur á fiskiskipaflotanum hafa undanfarnir áratug haft algera sérstöðu á almennum vinnumarkaði, þrátt fyrir að meðallaun fiskimanna séu almennt á meðal þeirra hæstu sem þekkjast hjá starfsmönnum íslenskra fyrirtækja og þrátt fyrir að launahlutfall í útgerð sé miklu hærra en í öðrum atvinnugreinum sem byggja í jafn ríkum mæli á miklum fjárfestingum og tækniþúnaði. Nauðsynlegt er að grafast fyrir um rætur þess að samningar um kaup og kjör eru svo miklu erfiðari á þessu sviði en öðrum og leita nýrra leiða, með það að markmiði að samskipti útgerðarmanna og sjómanna geti verið í árangursríkari farvegi í framtíðinni.

Á árinu hefur farið fram mikil endurskoðun á starfsemi skrifstofu samtakanna. Nýtt skipurit var tekið upp með það meðal annars að leiðarljósi að efla frumkvæði SA og þjónustu, og skerpa verkaskiptingu. Þá hefur markvisst verið unnið að því að uppfæra vefsíðu samtakanna og í desember sl. hóf SA útgáfu á rafrænu fréttabréfi sem mælst hefur vel fyrir. Samræmist það vel því markmiði samtakanna að vera í fararbroddi með að nýta tiltæka upplýsingatækni.

Við stofnun samtakanna var tekin sú ákvörðun að aðildarfélögin myndu flytja í sameiginlegt húsnæði, sem er liður í því samræmingar- og hagræðingarferli sem að var stefnt. Nú eru framkvæmdir hafnar við að byggja hús atvinnulífsins sem standa mun við Borgartún 35. Afhending hússins er ráðgerð fyrir 1. apríl 2002.

Undanfarna mánuði hefur farið fram kraftmikið málefnnastarf þar sem á annað hundrað manns lögðu drög að stefnu SA í átta málaflokkum er varða starfsumhverfi fyrirtækja. Niðurstöður þessa starfs er að finna í ritinu Áherslur atvinnulífsins og munu þær verða grundvöllur fyrir áframhaldandi baráttu samtakanna fyrir betri starfsskilyrðum íslenskra fyrirtækja. Sérstök skýrsla hefur verið gefin út um áherslur SA í skattamálum og er það í samræmi við þá áherslu sem samtökin vilja leggja á þann málaflokk. Jákvæð afstaða stjórnvalda og ýmissa forystumanna í stjórnmálum gefur vonir um að langþráðar breytingar nái fram að ganga.

Margt bendir nú til þess að íslenskt efnahagslíf sé komið yfir erfiðasta hjallann í þeirri þenslu sem við hefur verið að glíma síðustu misseri. Nú skiptir höfuðmáli að ekki hægi of hratt á hagvexti. Tækifærin liggja m.a. í því að skapa fyrirtækjum hagstæðara rekstrarumhverfi. Þetta á sérstaklega við um skattamál, en einnig er mikilvægt að halda áfram einkavæðingu ríkisfyrirtækja og að laða erlenda fjárfesta að landinu. Þannig treystum við íslenskt atvinnulíf í alþjóðlegri samkeppni og um leið undirstöður að varanlegum kjarabótum.

Finnur Geirsson

STJÓRNIR, NEFNDIR OG AÐILDARFÉLÖG SAMTAKA ATVINNULÍFSINS



1.1 ÁRSFUNDUR SA 2000

Ársfundur Samtaka atvinnulífsins var haldinn 11. október 2000. Sagt er frá störfum fundarins í 12. kafla ársskýrslunnar.

1.2. FRAMKVÆMDASTJÓRN SA

Sagt er frá störfum framkvæmdastjórnar í 12. kafla ársskýrslunnar.

Finnur Geirsson formaður
Nói-Sírius hf.

Tryggvi Jónsson varaformaður
Baugur hf.

Arnar Sigurmundsson
Samfrost

Axel Gíslason
Vátryggingafélag Íslands hf.

Kristinn Björnsson
Skeljungur hf.

Sigurður R. Helgason
Björgun hf.

Porgeir Baldursson
Oddi hf.

1.3. STJÓRN SA

Sagt er frá störfum stjórnar í 12. kafla ársskýrslunnar.

Finnur Geirsson formaður
Nói-Sírius hf.

Tryggvi Jónsson varaformaður
Baugur hf.

Arnar Sigurmundsson
Samfrost

Axel Gíslason
Vátryggingafélag Íslands hf.

Bjarni Ármannsson
Íslandsbanki-FBA hf.

Brynjólfur Bjarnason
Grandi hf.

Eiríkur S. Jóhannsson
KEA

Fríðrik J. Arngrímsson
LÍÚ

Gunnar Tómasson
Porbjörn Fiskanes hf.

Halldór J. Kristjánsson
Landsbanki Íslands hf.

Ingimundur Sigurpálsson
Eimskip hf.

Kristinn Björnsson
Skeljungur hf.



Ólafur Ólafsson
Samskip hf.

Ómar Hannesson
Rafsól ehf.

Rannveig Rist
Íslenska álfélagið hf.

Sigurður Helgason
Flugleiðir hf.

Sigurður R. Helgason
Björgun hf.

Stefán Friðfinnsson
Íslenskir aðalverktakar hf.

Stefán Sigurðsson
Perlan hf.

Sveinn S. Hannesson
Samtök iðnaðarins

Vilmundur Jósefsson
Gæðafæði ehf.

Porgeir Baldursson
Oddi hf.

Pórarinn V. Pórarinnsson
Landssími Íslands hf.

Ólafur Rögnvaldsson
Sigurður Bjarnason
Valdimar Bragason
Þorsteinn Erlingsson
Þorsteinn Már Baldvinsson

Stjórn SAF:

Steinn Logi Björnsson, formaður
Einar Bollason, varaformaður
Garðar Vilhjálmsson
Hlynur Jónsson
Hrönn Greipsdóttir
Jóhannes Kristjánsson
Sigrý Guðmundsdóttir

Framkvæmdastjórn SART auk formanns:

Ómar Hannesson, formaður
Gunnar H. Sigurðsson, varaformaður
Markús P. Atlason
Hrafn Stefánsson
Bjarni H. Matthíasson
Birgir Benediktsson
Reynir Ásberg Nielsson
Magnús Magnússon
Jóhann Kristján Einarsson
Tómas R. Zoëga,
Jens Pétur Jóhannsson
Arnbjörn Óskarsson

Stjórn SF:

Arnar Sigurmundsson, formaður
Gunnar Tómasson, varaformaður
Aðalsteinn Ingólfsson
Björgólfur Jóhannsson
Einar Jónatansson
Ellert Kristinsson
Fríðrik Guðmundsson
Guðbrandur Sigurðsson
Haukur Björnsson
Jón E. Friðriksson
Kristján Hjaltason
Kristján G. Jóakimsson
Róbert Agnarsson
Róbert Guðfinnsson
Sigurður Viggósson
Svavar Svavarsson
Teitur Stefánsson

1.4. AÐILDARFÉLÖG SA OG STJÓRNIR PEIRRA (uppl. miðast við 2. maí 2001)

Stjórn LÍÚ:

Kristján Ragnarsson, formaður
Brynjólfur Bjarnason
Einar Valur Kristjánsson
Eiríkur Tómasson
Emil Thorarensen
Guðrún Lárusdóttir
Haraldur Sturlaugsson
Hjörtur Gíslason
Magnús Kristinsson
Ólafur H. Marteinnsson

Stjórn SFF:

Valur Valsson, formaður
Einar Sveinsson, varaformaður
Guðmundur Hauksson

Stjórn SI:

Vilmundur Jósefsson, formaður
Hreinn Jakobsson, varaformaður
Eiður Haraldsson
Friðrik Andrésson
Hörður Arnarsson
Jón Albert Kristinsson
Sverrir D. Hauksson
Theodór Blöndal

Stjórn SVP:

Tryggvi Jónsson, formaður
Einar Benediktsson, varaformaður
Einar Sigfússon
Ingvi I. Ingason
Július Jónsson
Sigurður Á. Sigurðsson
Þorsteinn Pálsson

1.5. SKRÁ YFIR NEFNDIR OG RÁÐ SEM SA Á AÐILD AÐ

ATVINNULEYSI OG VINNUMIÐLUN

SA tilnefnir í ýmis ráð og nefndir er varða atvinnuleysi og vinnumiðlun.
Sjá nánar 4. kafla ársskýrslunnar um Ábyrgðasjóð launa og Atvinnuleysistryggingasjóð.

ALÞJÓÐAMÁL

ILO-þing árið 2000 – fulltrúar SA

Aðalm. Hrafnhildur Stefánsdóttir, SA
Varam. Jón H. Magnússon, SA

Samráðsnefnd alþjóða vinnuálastofnunarinnar
Hrafnhildur Stefánsdóttir, SA

Ráðgjafarnefnd EFTA

Aðalm. Davíð Stefánsson, Vefur ehf.
Varam. Kristófer M. Kristinsson, SA

Eftirlitsnefnd með framkvæmd laga nr. 47/1993 um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan EES

Aðalm. Hrafnhildur Stefánsdóttir, SA
Varam. Jón H. Magnússon, SA

Nefnd til að kanna aðstæður erlends vinnuafis og útlendinga með dvalarleyfi
Jón H. Magnússon, SA

Samráðsnefnd félagsmálaráðuneytis vegna EES samningsins

Aðalm. Hrafnhildur Stefánsdóttir, SA
Varam. Jón Rúnar Pálsson, SA

EFNAHAGS- OG KJARAMÁL

Kjararannsóknarnefnd

Hannes G. Sigurðsson, SA
Þorsteinn Þorgeirsson, SI
Sigurður Jónsson, SVP

Kaupskrárnefnd varnarsvæða

Aðalm. Hannes G. Sigurðsson, SA
Varam. Ragnar Árnason, SA

Kærufnd vegna Kaupskrárnefndar

Aðalm. Jón H. Magnússon, SA

Ráðgjafarnefnd Hagstofu Íslands um vísitölu neysluverðs

Hannes G. Sigurðsson, SA

Samstarfsnefnd um fastlaunakerfi

Aðalm. Haukur Már Stefánsson, Eimskip hf.
Aðalm. Jón H. Magnússon SA
Varam. Kristján Ólafsson, Samskip hf.
Varam. Hörður Gunnarsson, Olíudreifing hf.

Nefnd um gervivertöku

Ragnar Árnason, SA

Samráðshópur hagsmunaaðila Siglingastofnunar og samgönguráðuneytis um væntanlegar tillögur ESB um vinnutíma sjómanna á fiskiskipum
Jón H. Magnússon, SA

Nefnd um sveigjanleg starfslok

Jón H. Magnússon, SA

FÉLAGSDÓMUR

Félagsdómur

Aðalm. Valgeir Pálsson
Varam. Pétur Guðmundarson

JAFNRÉTTISMÁL

Jafnréttisráð

Aðalm. Sigurður Jóhannesson, SA
Varam. Hrafnhildur Stefánsdóttir, SA

Hið gullna jafnvægi

Ingvi Bogi Bogason, SI

LÍFEYRISSJÓÐIR

SA tilnefnir fulltrúa atvinnurekenda í stjórnir 14 lífeyrissjóða skv. reglugerðum sjóðanna. Framkvæmdastjórn SA tilnefnir alls 37 aðalmenn og varamenn þeirra í stjórnirnar. *Sjá 6. kafla ársskýrslunnar um lífeyrismál.*

MENNTAMÁL

SA tilnefnir í ýmis ráð og nefndir er varða menntamál. *Sjá nánar í 10. kafla ársskýrslunnar um menntamál.*

RANNSÓKNARSTOFNANIR

Rannsóknarráð Íslands
Aðalm. Hilmar Janusson, Össur hf.
Aðalm. Ingvar Kristinsson, Hugvít hf.
Varam. Hermann Kristjánsson, Vaki hf.
Varam. Svavar Svavarsson, Grandi hf.

Rannsóknarþjónusta Háskóla Íslands – skólanefnd

Baldur Hjaltason, Lýsi hf.
Davíð Stefánsson, Vefur ehf.
Jón Sigurðsson, Össur hf.

Ráðgjafarnefnd Rannsóknarstofnunar byggingariðnaðarins
Sigfús Thorarensen, ÍSTAK hf.

UMHVERFISMÁL

Landvernd – stjórn

Óskar Mariússon, SA

Spilliefnanefnd

Aðalm. Óskar Mariússon, SA
Varam. Ólafur Jónsson, Skeljungur hf.

FENÚR, fagráð um endurvinnslu og úrgang
Óskar Mariússon, SA

STENÚR, starfshópur um endurnýtingu úrgangs

Ingvi Arason, Gámaþjónustan hf.
Sérstök sérfræðinefnd
Óskar Mariússon, SA

Samráðshópur stjórnar Sorpu og samtaka atvinnulífsins

Óskar Mariússon, SA
Ólafur Kjartansson, SI
Sigurður Jónsson, SVP

Verkefnastjórn um gerð rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma

Faghópur III um þjóðmál, atvinnulíf og byggðapróun
Óskar Mariússon, SA

Umhverfisfræðsluráð – fulltrúar

Aðalm. Óskar Mariússon, SA
Varam. Jónína Gissurardóttir, SA

Evrópuvikan 2000 – European Week for Safety and Health and Work 2000

Lára Jóhannesdóttir Sjóvá-Almennar hf.

UPPLÝSINGA- OG TÖLVUMÁL

Samráðshópur vegna þróunarverkefnis um íslenska upplýsingasamfélagið
Ari Edwald, SA

Stýrihópur um rafræn innkaup

Guðmundur Ásmundsson, SI
Ingvi Þór Hermannsson, Olíufélagið hf.

Nefnd til að móta stefnu um upplýsingar í ríkisstofnunum og sveitarfélögum
Geir Oddsson, Landmat.

Nefnd til að gera tillögur að dreifilyklaskipulagi fyrir ríkið og um rafrænar undirskriftir o.fl.
Guðmundur Ásmundsson, SI



ÚTFLUTNINGS- OG SAMKEPPNISMÁL

Útflutningsráð – samráðsnefnd
Finnur Geirsson, Núi-Sírius hf.
Einar Benediktsson, Olís hf.

HEILBRIGÐISNEFNDIR

Umhverfis- og heilbrigðisnefnd Reykjavíkur
Aðalm. Ragnheiður Héðinsdóttir, SI
Varam. Ólafur Jónsson, Skeljungur hf.

Heilbrigðisnefnd Vesturlands
Aðalm. Sigrún Pálsdóttir, Íslenska járn-
blendifélagið hf.
Varam. Guðmundur Páll Jónsson, Haraldur
Böðvarsson hf.

Heilbrigðisnefnd Vestfjarða
Aðalm. Einar Valur Kristjánsson,
Hraðfrystihúsið-Gunnvör hf.
Varam. Örn Ingólfsson, Póls-Rafeindavörur hf.

Heilbrigðisnefnd Norðurlandssvæðis vestra
Aðalm. Steinar Svavarsson, Þormóður rammi-
Sæberg hf.
Varam. Rúnar Marteinnsson, Þormóður rammi-
Sæberg hf.

Heilbrigðisnefnd Norðurlandssvæðis eystra
Aðalm. Hlynur Veigarsson matvælafræðingur
Varam. Guðmundur H. Sigurðarson
byggingartækni.

Heilbrigðisnefnd Austurlandssvæðis
Aðalm. Benedikt Jóhannsson, Hraðfrystihúsi
Eskifjarðar hf.
Varam. Svanbjörn Stefánsson,
Síldarvinnslunni hf.

Heilbrigðisnefnd Suðurlands
Aðalm. Lúðvík Börkur Jónsson, Árnes hf.
Varam. Birkir Agnarsson, Netagerðin
Ingólfur hf.

Heilbrigðisnefnd Suðurnesja
Aðalm. Albert B. Hjálmarsson,
Keflavíkurverktakar sf.
Varam. Stefán Sigurðsson, Skipasmíðastöð
Njarðvíkur hf.

**Heilbrigðisnefnd Hafnafjarðar- og
Kópavogssvæðis**
Aðalm. Gestur Pétursson, ÍSAL
Varam. Örn Sigurðsson, Glerborg hf.

Heilbrigðisnefnd Kjósarsvæðis
Aðalm. Sigurður Bragi Guðmundsson,
Sigurplast hf.
Varam. Brynjar Eymundsson, Veislan-
veitingaeldhús

Hollustuháttaráð
Aðalm. Óskar Mariusson, SA
Varam. Baldur Hjaltason, Lýsi hf.
Aðalm. Jón Rúnar Pálsson, SA
Varam. Jóngeir H. Hlinason,
Atvinnul. tryggingasjóður

VINNUEFNDAR- ÖRYGGIS- OG HEILBRIGÐISMÁL

Vinnueftirlit ríkisins – stjórn
Aðalm. Óskar Mariusson, SA
Aðalm. Jón Rúnar Pálsson, SA



Aðalm. Ásbjörn Einarsson, Mjöll hf.
Varam. Ingólfur Sverrisson, SI
Varam. Ragnheiður Héðinsdóttir, SI
Varam. Gestur Pétursson, ÍSAL hf.

Vinnueftirlit ríkisins / starfsnefndir
Fjárhagsnefnd Hannes G. Sigurðsson, SA
Efnanefnd Óskar Mariusson, SA
EES-nefnd Óskar Mariusson, SA
Jón Rúnar Pálsson, SA
Heilsuvernd starfsmanna
Óskar Mariusson, SA
Jón Rúnar Pálsson, SA

Stjórn Vinnueftirlits í landbúnaði
Aðalm. Jón Rúnar Pálsson, SA
Varam. Óskar Mariusson, SA

Mönnunarnefnd kaupskipa
Aðalm. Haukur Már Stefánsson, Eimskip hf.
Varam. Jón H. Magnússon, SA
Aðalm. Kristinn P. Geirsson, Samskip hf.
Varam. Jakobína Jónsdóttir, Samskip hf.

Verkefnisráð um réttindi til að stjórna vinnuvélum
Aðalm. Árni Jóhannsson, SI

Nefnd um málefni langveikra barna
Hrafnhildur Stefánsdóttir, SA

Brunamálaráð
Aðalm. Gestur Pétursson, ÍSAL hf.
Varam. Kári Arngrímsson, Keflavíkur-
verktakar hf.

**Starfshópur til að semja drög að reglum um
öryggisráðgjafa við flutninga á hættulegum farmi á
vegum, lestum og skipgengum vatnaleiðum**
Gestur Guðjónsson, Óliudreifing hf.

**Starfshópur um flutning á hættulegum efnum um
jarðgöng**
Gestur Guðjónsson, Óliudreifing hf.

YMSAR NEFNDIR

Atvinnumálahópur á Húsavík
Helgi Pálsson, framkvstj. Skipaafgreiðslu
Húsavíkur

ICEPRO, nefnd um verklag í viðskiptum
Jón H. Magnússon, SA

Stjórn NEMIA
Ari Edwald, SA

**Starfshópur um verðmyndun gróðurhúsaafurða
og garðávaxta. Apríl 2001**
Ari Edwald, SA

Staðlaráð Íslands
Aðalm. Friðrik Sigurðsson, Tölvumyndir
Varam. Óskar Mariusson, SA

**Nefnd til að kanna launamun verkakvenna og
verkakarla**
Aðalm. Hannes G. Sigurðsson, SA
Varam. Sigurður Jóhannesson, SA

**Nefnd til að kanna grundvöll fyrir stofnun
landsmiðstöðvar eða annars samstarfsvettvangs
um málefni útlendinga**
Jón H. Magnússon, SA

**Nefnd um samningsforsendur skv. 17. gr.
kjarasamninga SA og ASÍ**
Ari Edwald, SA
Hannes G. Sigurðsson, SA

**Nefnd til að endurskoða lög um atvinnuréttindi
útlendinga nr. 133/1994**
Jón H. Magnússon, SA

**Rýnihópur vegna þróunaráætlunar miðborgar
Reykjavíkur**
Erna Hauksdóttir, SAF

UNICE innovation project
Sigurður Jóhannesson, SA

Nefndir á vegum UNICE
Á vegum UNICE starfa margvíslegar nefndir og
verkefnahópar. Í þær eru skipaðir starfsmenn
samtakanna í Reykjavík eða starfsmaður
Evrópuskrifstofu atvinnulífsins í Brussel.

EFNAHAGS- OG ATVINNUMÁL


2.1. ÞENSLUSKEIÐIÐ SENN
Á ENDA

Hagvöxtur undangenginn fimm ár hefur verið óvenjumikill. Að jafnaði hefur hann numið um 4,5% á ári. Vöxturinn hefur verið knúinn áfram af innlendri eftirspurn en hlutur útflutnings hefur verið minni en á fyrri vaxtarskeiðum. Misvægið í þróun þjóðarútgjalda og þjóðartekna undanfarin ár hefur leitt til mikils og langvinnis viðskiptahalla. Hallinn nam 10% af vergri landsframleiðslu árið 2000. Viðskiptahalli af þessari stærðargráðu er einsdæmi meðal þeirra þjóða sem við berum okkur helst saman við og jafnframt eru ekki dæmi um það hér á landi að svo mikill viðskiptahalli hafi staðið jafnlengi og nú. Erlendar skuldir þjóðarinnar aukast því hratt.


Sjá má ýmsar vísbendingar um að tekið sé að hægja á hinum mikla hagvexti. Hagnaður fyrirtækja hefur minnkað og hlutabréfaverð hefur lækkað. Velta í smásöluverslun hefur haldist óbreytt að raungildi um nokkurt skeið og könnun Samtaka atvinnulífsins í janúar bendir til þess að draga muni úr fjárfestingum á árinu. Fasteignamarkaður virðist vera að róast og útlánatölur innlánsstofnana vaxa mun hægar á fyrstu mánuðum þessa árs en í fyrra. Þensla á vinnumarkaði er þó enn mikil, þótt fregnir berist af því að nú sé erfiðara að fá störf í sumum greinum en áður, og að starfsmannavelta hafi minnkað í fyrirtækjum. Líklegt er að þenslan haldist áfram á vinnumarkaði fram á næsta vetur. Í lok árs lýkur nokkrum stórfarmkvæmdum og sennilegt er að þess sjáist merki í minni spurn eftir vinnuafli.

2.2. GENGISSTEFNAN


Fastgengisstefnan sem tekin var upp hér á landi í upphafi síðasta áratugar átti stóran þátt í því að ná verðbólgu niður á svipað stig og í nágrannalöndunum. Á fyrstu árum fastgengisstefnunnar var hér enginn gjaldeyrismarkaður og gengi krónunnar var ákveðið af stjórnvöldum. Gengi krónunnar var því óbreytt langtíðum saman með þeim frávikum að það var fellt með stjórnvaldsákvörðunum í nóvember 1992 og júní 1993. Millibankamarkaður með gjaldeyri var settur á fót um mitt ár 1993 og hefur hann orðið sífellt virkari, einkum allra síðustu ár.

Verðbólgan á Íslandi og á EES svæðinu
Samræmd evrópsk neysluverðsvisitala

Heimild: Hagstofa Íslands

Vísitala gengisskráningar og
vikmörk gengis

Heimild: Seðlabanki Íslands

Þjóðartekjur og þjóðarútgjöld.
Viðskiptahalli í hlutfalli við landsfram-
leiðslu. Verðvísitölur, 1990=100.

Heimild: Þjóðhagsstofnun

Aukið frelsi í fjármagnsviðskiptum milli Íslands og annarra landa á fyrri hluta nýliðins áratugar og mikil aukning fjármagnsviðskipta kallaði á sveigjanlegri gengisstefnu. Fyrst voru vikmörk um miðgengi krónunnar vikkuð úr 2,25% í 6% til hvorrar áttar árið 1995 og síðan í 9% í febrúar árið 2000. Nú í mars voru vikmörkin svo endanlega afnumin, en í staðinn sett markmið um verðbólgu (sjá kafla um verðbólgu hér á eftir).

Um miðjan apríl, þegar þetta er skrifað hafði gengi krónunnar fallið um 17% á einu ári. Seðlabankinn hefur haldið aftur af fallinu með vöxtum sem verið hafa 6–7% hærri en að meðaltali í viðskiptalöndunum. Um leið og vikmörk krónunnar voru afnumin í mars voru Seðlabankavextir lækkaðir um hálf prósent. Afnáð gengisvirkmarka og vaxtalækkunin virðast ekki hafa orðið til þess að styrkja traust á krónunni, a.m.k. ekki til skamms tíma, og gengi hennar hélt áfram að falla næstu vik-



ur á eftir. Þótt gengislækkun undanfarinna mánaða styrki samkeppnisstöðu atvinnuveganna að öðru óbreyttu þá ýtir hún undir verðhækkanir og teflir forsendum kjarasamninga í tvísýnu. Veiking gengis krónunnar getur því dregið á langinn að það markmið náist að ná verðbólgu niður á svipað stig og í viðskiptalöndum okkar.

2.3. VERÐBÓLGAN


Flestir bjuggust við að verðbólgan ykist þegar gengi krónunnar tók að falla um mitt ár í fyrra, en það gerðist ekki. Frá nóvember 2000 til febrúar 2001 mældust mjög litlar verðhækkanir, en frá þeim tíma tók verðbólgan aftur kipp. Í apríl hafði vísitala neysluverðs hækkað um 4,5% á einu ári.

Á ársfundi Seðlabankans í mars var tilkynnt sú stefnubreyting að sett hefði verið verðbólguþakmið, sem kæmi í stað vikmarka um gengi krónunnar. Stefnt er að 2,5% verðbólgu á ári með 1,5% „þolmörkum“ til beggja átta. Á þessu ári eru þó efri þolmörkin 3,5% og 2,5% á því næsta. Þá verður



Heimild: Vinnuálagstofnun

sjálfstæði bankans aukið með lagabreytingu og þar verður kveðið skýrt á um að meginmarkmið hans sé að halda verðlagi stöðugu. Á næstunni mun reyna mjög á hin nýsettu markmið bankans. Gengislækkunin og miklar launahækkanir að undanfögnu þrýsta mjög á verðlag. Fjármagn og vinnuafli er víðast hvar fullnýtt um þessar mundir og ekki mikið



Heimildir: Kjararannsóknarnefnd, OECD

svigrúm til hagræðingar til að vega upp kostnaðaraukann og því ólíklegt að fyrirtækin geti tekið meiri kostnaðarhækkanir á sig. Því verður gengi krónunnar að styrkjast og þenslan á vinnumarkaði að dvína ef verðbólga á ekki að vaxa á ný. Ef bankanum tekst ekki að halda verðbólgu innan settra marka mun þeim ugglaut fara fjölgandi sem krefjast þess að aftur verði breytt um stefnu og hugað að fastari tengingu við önnur mynsvæði, til dæmis einhvers konar tengingu við evruna.

Á móti þessum fremur slæmu verðbólguhorfum má vænta þess að minni eftirspurnarþrýstingur og neikvæð auðsáhrif muni hafa dempandi áhrif á

Vinnustöðvanir á árinu 2000


Verkfallsaðili	Verkfall hófst	Verkfalli lauk	Fjöldi virkra daga	Fjöldi þátt-takenda	Tapaðir vinnudagar
Almennur vinnumarkaður					
Sjómannafélag Reykjavíkur v/farmanna	1.5	6.5	6	74	444
Mjólkurfræðingafélag Íslands	4.5	5.5	1	62	62
Vlf. Árvakur Eskifirði v/fiskimj.v. HE	16.5	29.5	9	20	180
Vlf. Norðfirðinga v/fiskimj.v. Sildarv.	16.5	29.5	9	25	225
Vlf. Vopnafjarðar v/fiskimj.v. Tanga	16.5	29.5	9	11	99
Vlf. Vökull v/fiskimj.v. Gautavíkur, Djúpavogi	16.5	29.5	9	7	63
Vlf. Vökull, Hornafirði v/fiskimj.v. Óslands	16.5	29.5	9	8	72
Vlf. Raufarhafnar v/SR-Mjöl	16.5	28.5	8	7	56
Vmf. Fram, Seyðisfirði v/SR-Mjöl	16.5	28.5	8	19	152
Vlf. Vaka, Siglufirði v/SR-Mjöl	16.5	28.5	8	25	200
Bifreiðastjórafélagið Sleipnir	8.6	16.7	26	128	3.328
Samtals			102	386	4.881
Opinber vinnumarkaður					
KÍ v/framhaldsskólakennara	7.11	31.12	32	1.264	40.448
KÍ v/Verslunarskólakennara	13.11	22.12	28	63	1.764
Samtals			60	1.327	42.212
Tapaðir vinnudagar alls			162	1.713	47.093

Vaxandi skattbyrði fyrirtækja

Því er gjarnan haldið fram í umræðum á opinberum vettvangi að skattar hafi verið lækkaðir á fyrirtæki á undanförmum árum. Rétt er að afnám aðstöðugjaldsins á fyrri hluta síðasta áratugar lækkaði skatta á útflutningsfyrirtæki en skatturinn var að langmestu borinn af neytendum í vöruverðinu enda lækkaði vöruverð við afnám þess. Það er hins vegar misskilningur að skattar á hagnað fyrirtækja hafi verið lækkaðir. Það sem villir mönnum sín er að tekjuskattshlutfall fyrirtækja hefur verið lækkað í nokkrum áföngum á síðustu áratugum. Lækkunir á skattshlutfallinu hafa annars vegar átt rætur að rekja til minnkandi verðbólgu (en tekjuskattur fyrirtækja er greiddur eftir á) og hins vegar verið gerðar í tengslum við breiðkun á skilgreiningu skattstofnsins.

Á tímum óðaverðbólgunnar í upphafi níunda áratugarins var skattshlutfall á hagnað 65% en var lækkað í 51% þegar verðbólga minnkaði um miðjan þann áratug og síðan í 45% þegar verðbólga komst niður í eins stafs tölu í upphafi síðasta áratugar. Jafnframt var heimild til að leggja skattfrjálst tillag í fjárfestingarsjóð lækkað úr 15% af hagnaði í 10%. Árið 1993 var skattshlutfallið lækkað úr 45% í 39% en jafnframt var heimildin til að leggja tillag í fjárfestingarsjóð felld niður og heimild til að draga arðgreiðslur frá tekjum lækkuð úr 15% af nafnverði hlutabréfa í 10%. Hún var aftur lækkuð úr 10% af nafnverði í 7% árið 1998 án þess að breyting væri gerð á skattshlutfallinu og frá árinu 1999 er skattshlutfallið 30% og óheimilt að draga arðgreiðslur frá tekjum.

Þegar síðasta breyting var gerð á tekjuskattlagningu fyrirtækja var skattshlutfallið lækkað úr 33% í 30%, en jafnframt var arðsfrádráttur afnuminn. Á móti kom að hætt var tvísköttun á móttækinn arð fyrirtækja vegna eignar í öðrum félögum.



Heimild: Samtök atvinnuþliffsins

Á meðfylgjandi mynd má sjá hvernig skattshlutfallið hefur breyst frá ári til árs síðastliðinn áratug og hvaða áhrif það hefur haft á virkt skattshlutfall að breikka skattstofninn, með því að lækka og afnema annars vegar tillag í fjárfestingarsjóð og hins vegar skattafrádrátt vegna arðgreiðslna.

Myndin sýnir þannig í raun stílfært dæmi af fyrirtæki sem ár hvert hefur hagnast um upphæð sem nemur helmingi af nafnverði hlutafjár. Fyrirtækið hefur greitt arð sem nemur hámarki þess hlutfalls sem skv. lögum hverju sinni hefur verið frádráttarbært frá tekjum og það hefur móttækið arð sem nemur tæpum helmingi af greiddum arði. Fyrirtækið hefur jafnframt fullnýtt heimildir til tillags í fjárfestingarsjóð á meðan það var heimilt.

Á grundvelli fyrrgreindra forsendna fæst sú niðurstaða að tekjuskattar á fyrirtæki hafi ekki lækkað í raun á síðasta áratug, þrátt fyrir að skattshlutfallið hafi lækkað úr 50% í 30%. Ástæðurnar eru einkum tvær. Tekjuskattur fyrirtækja er greiddur eftir á og skattshlutfallið var lagað að minnkandi verðbólgu. Þá var skattstofninn breikkaður með lækkun og afnámi frádráttarheimilda sem hækkuðu virkan tekjuskatt á móti lækkun hlutfallsins. Þegar tekið er tillit til þessara atriða kemur í ljós að engin skattalækkun átti sér stað heldur sýna þessar tölur þvert á móti að raunvirði tekjuskatts lögðila fór heldur hækkað á síðasta áratug.



verðbólgu á síðari hluta ársins, auk sértækra þátta eins og fasteigna- og olíuverðs.

2.4. LAUNAPRÓUN

Á fjórða ársfjórðungi 2000 höfðu laun landverka-fólks í Alþýðusambandinu hækkað um tæp 9% á einu ári, samkvæmt könnun kjararannsóknarnefndar. Á sama tíma hækkuðu laun í OECD-ríkjum (iðnríkjunum) að meðaltali um rúm 3%.

Auk þess var samið um ýmis ný hlunnindi í kjarasamningunum í vor. Þar má helst telja viðbót-arframlag í lífeyrissjóði, aukinn veikindarétt og framlag í fræðslusjóð. Að þessu meðtöldu hækkaði launakostnaður líklega um nálægt 10% frá 4. ársfjórðungi 1999 til 4. árfjórðungs 2000. Um áramót hækkuðu almenn laun um 3% samkvæmt flestum kjarasamningum, en lægstu laun um 6,5%. Launakostnaður hefur því hækkað um 10–15% á rúmu ári frá því að skrifað var undir kjarasamninga í fyrra. Verðlag hefur hækkað mun minna á þessum tíma, eða um nálægt 5% og kaupmáttur því vaxið um 5–10%.

2.5. VINNUMARKAÐUR


Eins og áður segir sér ekki enn fyrir endann á þenslunni á vinnumarkaði, þó að ýmis merki séu um að hagvöxtur sé að dala. Skráðir atvinnulausir eru rúmlega 1% af fólki á vinnumarkaði og verður hlutfallið ekki öllu minna. Einkum hefur fólki fækkað á atvinnuleysissskrá á höfuðborgarsvæðinu, eða um 500 manns, sem er þriðjungs fækkun. Vinnuafslþörf reyndist aðeins minni í janúar en á sama tíma árin á undan, samkvæmt könnun Þjóðhagsstofnunar, en breytingin var ekki mikil. Atvinnuleyfum fyrir fólk utan Evrópska efnahagssvæðisins fjölgaði verulega á síðasta ári eða úr rúmlega 3.000 árið 1999 í rúmlega 4.000. Á fyrstu mánuðum ársins er aukningin einnig hraðari miðað við sama tíma í fyrra.

Á síðasta ári voru nokkrar smærri vinnudeilur á samningssviði SA. Sjómannafélag Reykjavíkur fór í 6 daga verkfall í byrjun maí og mjólkurfræðingar í eins dags verkfall á sama tíma. Þá fóru starfsmenn í níu fiskimjölsverksmiðjum á Norður- og Austurlandi í tveggja vikna verkfall sem lauk í lok maí. Loks fór Bifreiðastjórafélagið Sleipnir í sex vikna verkfall á aðalferðamannatímanum og var því aflýst um miðjan júl án þess að samningar hefðu náðst. Samtals töpuðust tæplega 5.000 vinnudagar í þessum verkföllum sem jafna má til 22 ársverka. Stærsta vinnudeila ársins var milli framhaldsskólakennara og ríkisins og stóð hún í sex vikur. Þar töpuðust 47.000 vinnudagar eða tæplega 200 ársverk.

2.6. AFKOMA FYRIRTÆKJA

Gengislækkun krónunnar snertir rekstur fyrirtækja einkum með tvennum hætti. Annars vegar hækka erlendar skuldir þeirra í krónum og færist öll hækkuin til gjalda (einu sinni) og hins vegar hækka tekjur útflutningsfyrirtækja í krónum. Fyrst í stað hefur gengislækkunin kostnað í för með sér, en tekjur

**Hreinn sparnaður,
% af landsframleiðslu**



Heimild: Þjóðhagsstofnun

aukast þegar fram í sækir. En gengislækkunin veldur einnig kostnaðarhækkun á aðföngum. Undanfarin ár hafa íslensk fyrirtæki aukið mjög erlendar skuldir sínar og er hagur þeirra af gengislækkun því minni en áður. Gengisbundnar skuldir fyrirtækja við innlánsstofnanir námu 250 milljörðum króna í árslok 2000 og jukust um rúmlega 40% á árinu. Til sam-
anburðar voru skuldir fyrirtækja á innlendum kjör-
um 157 milljarðar króna.

Mikið tap var á sjávarútvegi í fyrra og stuðlar einukum þrennt að verri afkomu þar. Þorskvóti dróst saman, olíuverð var óvenjuhátt og mikið gengistap varð á erlendum skuldum. Þá olli hátt olíuverð samgöngufyrirtækjum búisfjum og lækkun á verði hlutabréfa kom illa við afkomu fjármálafyrirtækja. Hins vegar virðast fyrirtæki í iðnaði, verslun og þjónustu almennt hafa gengið vel í fyrra.

2.7. FJÁRMÁL HINS OPINBERA

Á undanförunum árum hefur ríkissjóður verið rekinn með vaxandi tekjuafgangi, en sveitarfélögin í heild búa hins vegar við stöðugan hallarekstur. Þótt rekja megi góða afkomu ríkissjóðs að hluta til kröftugrar uppsveiflu á undanförunum árum þá er ótvírátt að afgangurinn hefur hamlað á móti penslu. Hér skiptir afgangur eða halli þó ekki einn máli, heldur einnig umfang hins opinbera. Á hagvaxtarskeiðinu hefur samneyslan vaxið hraðar en framleiðsla landsmanna í heild. Frá 1995 til 2001 er áætlað að hlutur hennar í vergri landsframleiðslu aukist úr 21,9% í 24,3% (samkvæmt Þjóðhagsstofnun). Þetta stafar að miklu leyti af því að verð samneyslunnar hefur hækkað, en ekki því að hið opinbera bjóði meiri þjónustu en áður. Á þessum árum hafa laun opinberra starfsmanna hækkað meira en laun annarra stétta hér á landi.

Stjórnvöld hafa sett sér það markmið að greiða niður skuldir ríkissjóðs þannig að hann verði skuldlaus innan fárra ára. Það er vissulega verðugt markmið þar sem vaxtabyrði ríkissjóðs minnkar og þar með tekjupörf. Skuldir ríkissjóðs eru hins vegar tiltölulega litlar í alþjóðlegum samanburði og mark-

mið um hraða skuldalækkun á ekki að þurfa að koma í veg fyrir að önnur mikilvæg markmið náist. Mikilvægt er að skattar sem skaða samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja verði afnumdir og tekjuskattar þeirra lækkaðir og þannig verði undirstöður framtíðar hagvaxtar styrktar. Í ljósi þess hve erlendar fjárfestingar eru litlar hér á landi þarf að hanna skattalegt umhverfi fyrirtækja hér á landi þannig að Ísland verði eftirsóknarverður kostur í augum erlendra fjárfesta.

2.8. LÍTILL ÞJÓÐHAGSLEGUR SPARNAÐUR

Ofpenslan kemur meðal annars fram í miklum halla á viðskiptum við útlönd, en sem fyrr segir nam hann 10% af landsframleiðslu á liðnu ári. Viðskiptahallann má setja fram sem mismun innlends sparnaðar og fjárfestinga. Fjárfestingar hafa verið með mesta móti hér á landi undanfarin ár og í sjálfa sér er ekki ástæða til að hafa áhyggjur af þeim hluta viðskiptahallans sem rekja má til þeirra. Hitt vekur meiri áhyggjur að innlendum sparnaður hefur farið hraðminnkandi undanfarin tvö ár. Árið 2000 var hreinn sparnaður landsmanna innan við hálft prósent af landsframleiðslu, en á árunum 1990–1998 var hlutfallið oftast nær á bilinu 3–5%. Þetta gerist þrátt fyrir að þátttaka í frjálsum lífeyrissparnaði hafi stóruaust á liðnu ári því gera má ráð fyrir að um 40% launþega spari með þessum hætti um þessar mundir. Litill sparnaður er sérstakt áhyggjuefni þegar haft er í huga að landsmenn eru að meðaltali fremur ungir, en eftir rúman áratug mun hlutfall Íslendinga á ellilífeyrisaldri stóruaust. Mikilvægt er að lagt sé til hliðar til þess tíma.

2.9. LÖGGJÖF SEM SNÝR AÐ ATVINNULÍFINU

Í 8. kafla ársskýrslunnar er umfjöllun um þá nýju löggjöf sem snertir atvinnulífið hvað mest.



KJARA- OG SAMNINGAMÁL

3.1. GERÐ KJARASAMNINGA VETURINN 2000/2001

Á þriðja tug heildarkjarasamninga var gerður veturinn 2000/2001. Þessa samninga má í aðalatriðum flokka í þrennt, þ.e. almenna samninga í landi, farmannasamninga og fyrirtækjasamninga. Að mörgum þessara samninga standa fleiri en eitt stéttarfélag þannig að í raun voru gerðir samningar við um 60 stéttarfélög. Þá voru gerðir nokkrir sérkjarasamningar, bæði nýir vegna bifreiðastjóra og hópbifreiðastjóra á samningssvæði „Flóabandalagsins“ og eldri samningar endurnýjaðir. Sérkjarasamningarnir hafa allir sama gildistíma og aðal-kjarasamningarnir að undanteknum samningi VR og SA vegna FÍ. Þegar þetta er ritað er ólokið þremur kjaradeilum þar sem samningar runnu út á síðasta ári, þ.e. við stéttarfélög fiskimanna, Bifreiðastjórafélagið Sleipni og leiðsögumenn.

3.2. VERKSMÍÐJUSAMNINGAR

Samningarnir í þessum flokki eru sex talsins. Fyrstur þeirra var gerður fyrir Áburðarverksmiðjuna um sumarið 2000, en hann rann út fyrr en hinir verksmiðjusamningarnir og var gerð grein fyrir honum í síðustu ársskýrslu SA.

Fyrsti samningurinn af hinum fimm var gerður fyrir Þörungaverksmiðjuna í lok nóvember 2000 og er það í fysta sinn sem verksmiðjan riður á vaðið við samningsgerðina. Samningurinn gildir til ársloka 2003 og rennur því út á sama tíma og samningar félaga innan Starfsgreinasambandsins. Samningaferlið tók stuttan tíma og náðust samningar eftir fáa fundi. Samningurinn felur í sér 7,5% launahækkun við undirskrift auk áfangahækkana sem um hafði samist í samningum Starfsgreinasambandsins. Þá eru í samningnum ákvæði um veikindarétt, lífeyrismál og slysatryggingar.

Næst í röðinni var Sementsverksmiðjan en þar tókust samningar í janúarbyrjun 2001. Samningurinn gildir til nóvemberloka árið 2004 og felur í sér svipuð efnisatriði og samningskostnað og samningurinn í Þörungaverksmiðjunni, en meðal frávika var að að endurvakin var svokallaður þrífabónus sem ekki hafði verið virkur og að starfsaldurshækkunum var hraðað.

Viðfangsefnið voru erfið í Íslenska álfélaginu en ströng samningalota stóð yfir frá septemberlokum 2000 fram til þess tíma er samningar voru undirritaðir þann 12. janúar 2001. Starfsmenn komu til samninga í tveimur hópum þar sem fulltrúar verkamanna og verslunarmanna skipuðu eina samninganefnd og fulltrúar iðnaðarmanna aðra. Þessi skipting þyngdi mjög samningsgerðina og gerði hana tímafrekari og flóknari en ella. Þrátt fyrir að samningsniðurstaðan tryggði starfsmönnum umtalsverðar kjarabætur voru samningar felldir í atkvæðagreiðslu innan beggja hópanna. Langur samningstími var einkum talinn hafa verið starfsmönnum þyrnir í augum en á hinn bóginn byggðu þær kjarabætur sem samningurinn fól í sér á því að verið væri að tryggja rekstraröryggi fyrirtækisins til

lengri tíma. Þráðurinn var þó tekinn fljótt upp á ný og náðust samningar mánuði síðar, eða þann 11. febrúar 2001 og var niðurstaðan samþykkt með afgerandi meirihluta í atkvæðagreiðslu meðal starfsmanna. Helstu nýmæli samningsins eru tveir afkastahvetjandi bónusar, nýtingar- og gæðabónus og öryggis- og umgengnibónus, en markmið beggja er að skila bæði starfsmönnum og fyrirtækinu ávinningi. Þá samdist um svokallað ábyrgðarálag til handa starfsmönnum sem gegna ábyrgð sem telst vera umfram það sem almennt er gerð krafa um í viðkomandi starfi. Þessu til viðbótar felur samningurinn í sér aukin lífeyrisréttindi, hækkaðar slysabætur, hærra og hraðara starfsaldursálag, hækkað vaktaálag og styttri vinnuskyldu vaktavinnumanna. Samningsniðurstaðan markaðist að miklu leyti af góðri afkomu fyrirtækisins og hagkvæmum rekstri þess undanfarin ár. Samningurinn í ISAL gildir til nóvemberloka árið 2004.

Starfsmenn Kísiliðjunnar gengu til samninga í einu lagi en kusu þó að hafa aðskildar atkvæðagreiðslur um væntanlegan kjarasamning eftir stéttarfélögum. Samningar voru undirritaðir þann 24. janúar og voru samþykktir í atkvæðagreiðslu meðal félagsmanna allra stéttarfélaganna sem aðild eiga að samningnum. Samningurinn færir starfsmönnum fyrirtækisins verulegar kjarabætur. Til viðbótar grunnkaupshækkunum felast þær í hækkuðu starfsaldursálagi, hækkuðu vaktaálagi, hækkun sveinsbréfsálags hjá iðnaðarmönnum og ýmsum félagslegum atriðum sem almennt hafði samist um í sambærilegum samningum.

Starfsmenn Steinullarverksmiðjunnar gengu til samninga í tveimur aðskildum hópum eins og í IS-AL. Samningar voru fyrst undirritaðir við verkamannahópinn þann 17. janúar en síðan við fulltrúa iðnaðarmanna þann 12. febrúar. Samningarnir voru síðan felldir saman í eina heild og undirritaðir þannig þann 22. mars. Auk atriða sem annars staðar hafði samist um varð samkomulag um að taka upp nýjan launabátt, hæfnis- og þekkingarálag, sem getur numið allt að 4% af launum, og um að endurvekja þrífabónus eins og í Sementsverksmiðjunni. Samningurinn gildir til ársloka ársins 2004.

Samningamál Íslenska járnblendifélagsins voru með öðrum hætti en oftast fyrr. Vegna erfiðleika í rekstri var fyrirtækið ekki reiðubúið til þess að gangast undir þá launastefnu sem mörkuð hafði verið á íslenskum vinnumarkaði og lagði áherslu á að samningsgerð yrði frestað um eitt ár á meðan tekið væri á rekstrarvanda félagsins. Þessar áherslur félagsins leiddu til þeirrar niðurstöðu að undirritað var samkomulag milli ÍJ og viðkomandi verkalýðsfélaga um að fresta samningsgerð til lengri tíma um eitt ár og gera þess í stað skammtímasamning til nóvemberloka ársins 2001. Samningur þess efnis var undirritaður þann 4. apríl 2001 og felur hann í sér að laun hækka um 3% frá 1. desember 2000 og aftur um 2% frá 1. apríl 2001. Þessar hækkunarverða hluti af væntanlegum samningi til lengri tíma



en stefnt er að gerð hans í síðasta lagi í nóvember þessa árs.

3.3. BIFREIÐASTJÓRAR

Þann 29. nóvember 2000 samdi Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur við SA um að taka upp sérstakan kafla um hópferðabifreiðastjóra. Þann 4. janúar 2001 hafði Verkalýðsfélagið Hlíf í Hafnarfirði einnig tekið upp bifreiðastjórakafla í kjarasamning sinn. Þessi tvö Flóabandalagsfélög höfðu samið á undan VMSÍ (nú Starfsgreinasambandið) og því voru sérstök ákvæði til viðbótar við almenn ákvæði um þessi störf ekki komin inn í samninga félaga. Þann 26. janúar endurnýjaði Starfsgreinasamband Íslands og SA kjarasamning sinn um hópferða- og sérleyfisbifreiðastjóra og var ekkert aðildarfélag Starfsgreinasambandsins undanskilið í þeim kjarasamningi. Bifreiðastjóraráfélagið Sleipnir kærði þessa kjarasamninga til ASÍ í janúar sl. og telur þá vera brot á lögum ASÍ um samskipti stéttarféлага. Þann 31. janúar endurnýjaði SA kjarasamning f.h. SBK hf. við Starfsmannafélag Suðurnesja en sá samningur varð laus 1. nóvember 2000. Þær hækkanir sem þessir samningar fela í sér eru sambærilegar við hækkanir í öðrum samningum en taka einnig mið af þeim tilboðum sem SA lagði fram í verkfalli Sleipnis sl. sumar. Enn er hins vegar ósamið við Bifreiðastjóraráfélagið Sleipni.

3.4. MATVÆLA- OG VEITINGASAMBAND ÍSLANDS (MATVÍS)

Þann 24. nóvember var undirritaður nýr kjarasamningur milli SA og MATVÍS, sem er samband fjögurra iðnsveinafélaga, þ.e. Félags matreiðslumanna, Félags framreiðslumanna, Bakaraveinafélags Íslands og Félags íslenskra kjötiðnaðarmanna. Kjarasamningur aðila varð laus 1. nóvember. Strax þann 3. nóvember 2000 vísaði MATVÍS kjaradeilunni til sáttasemjara. Sama dag hóf MATVÍS einnig undirbúning að atkvæðagreiðslu um boðun vinnustöðvunar sem hefjast skyldi á miðnætti þann 19. nóvember. SA mótmælti þessum vinnubrögðum sem ólögætum, enda var augljóst að ríkissáttasemjara hafði ekki verið veitt tækifæri til að miðla málum í kjaradeilunni eins og vinnulöggjöfin mælir fyrir um. Vegna mótmæla SA hætti MATVÍS undirbúningi að atkvæðagreiðslunni. Þann 10. nóvember hóf sambandið hins vegar undirbúning að nýrri atkvæðagreiðslu um vinnustöðvun, sem hefjast skyldi á miðnætti þann 24. nóvember og þann 17. nóvember tilkynnti MATVÍS að verkfallsboðun hefði verið samþykkt. Samningar náðust hins vegar tæpum sólarhring áður en vinnustöðvunin skyldi koma til framkvæmda. Samningurinn felur í sér 5,4% upphafshækkun en engin endurskoðun verður fyrr en í febrúar 2002. Auk þess voru laun iðnnema sérstaklega hækkuð.

3.5. TANNSMIÐIR

Þann 14. desember sl. var skrifað undir kjarasamning við Tannsmiðafélag Íslands eftir tiltölulega stutt-

ar samningaviðræður. Samningar við tannsmiði urðu lausir þann 15. febrúar 2000 en samkomulag var á milli aðila um að fresta viðræðum til haustsins. Byrjunarlaun sveina voru ákveðin kr. 90.000, launahækkanir voru í samræmi við almenna kjarasamninga og veikindaréttur var samræmdur öðrum almennum samningum.

3.6. VÉLSTJÓRAR Í LANDI

Samið var 15. desember við Vélstjóraráfélag Íslands um vélstjóra í frystihúsum og öðrum verksmiðjum. Samningar þessa hóps hafa lengi tekið mið af samningum Samiðnar og svo var einnig nú. Launahækkanir og samningsforsendur voru þó í samræmi við kjarasamning Matvís, þ.e. 5,4% upphafshækkun og engin endurskoðun samningsforsendna á árinu 2001.

3.7. RAFMAGNSVEITUR RÍKISINS

Samningaviðræður við RSÍ vegna rafiðnaðarmanna hjá RARIK mótuðust af því mikla launaskriði sem rafiðnaðarmenn á almennum vinnumarkaði höfðu búið við. Samningsaðilar voru þegar í upphafi viðræðna sammála um að gera þyrfti gagngerar breytingar. Nefnd starfsmanna og fulltrúa fyrirtækisins

Kjarasamningar gerðir veturinn 2000/2001

	Rann út	Undirritaður	Gildir til
Vélstjórar á farskipum	1.11.2000	22.11.2000	1.3.2004
Félögin í FFSÍ v/farmanna	1.11.2000	23.11.2000	1.3.2004
Félag bryta á kaupskipum	1.11.2000	23.11.2000	1.3.2004
Félögin í Matvís	1.11.2000	24.11.2000	31.1.2004
Þörungaverksmiðjan hf.	1.11.2000	29.11.2000	31.12.2003
Tannsmiðafélag Íslands	15.2.2000	14.12.2000	31.1.2004
Vélstjórar í frystihúsum og öðrum verksmiðjum	1.11.2000	15.12.2000	31.1.2004
Rafvirkjar hjá RARIK	30.9.2000	18.12.2000	30.11.2004
Vélstjórar hjá RARIK	30.9.2000	18.12.2000	30.11.2004
Verkstjórasamband Íslands	31.12.2000	20.12.2000	31.1.2004
Vélstjóraráfélag Íslands v/Hitaveitu Suðurnesja	30.4.2000	4.1.2001	15.9.2003
Sementsverksmiðjan hf.	30.11.2000	8.1.2001	30.11.2004
RSÍ v/rafvirkja hjá Landssímanum hf.	31.12.2000	12.1.2001	30.11.2004
Kísiliðjan hf.	1.11.2000	24.1.2001	31.12.2004
Starfsm.félag Suðurnesja, B-deild, v/ SBK hf.	31.10.2000	31.1.2001	31.4.2004
ISAL	30.11.2000	11.2.2001	30.11.2004
Efling-stéttarv./Vfl. Hlíf v/FLE	31.12.2000	17.2.2001	31.10.2004
Blaðamannafélag Íslands	1.11.2000	21.2.2001	31.10.2004
Steinullarverksmiðjan hf.	1.11.2000	22.3.2001	31.12.2004
Íslenska járnblendifélagið hf.	30.11.2000	4.4.2001	30.11.2001
Skipstjórar og stýrimenn hjá Björgun hf.	1.11.2000	11.4.2001	1.4.2004
Vélstjórar hjá Björgun hf.	1.11.2000	18.4.2001	1.4.2004
Múrarak, píparar og veggfóðrarar	30.11.2000	19.4.2001	29.2.2004

Sérkjarasamningar gerðir veturinn 2000/2001

	Rann út	Undirritaður	Gildir til
Fél. versl. og skr.fólks Ak. v/bensinafgreiðslu	15.2.2000	29.10.2000	1.3.2004
VR og Flugfélags Íslands	15.9.2000	30.10.2000	15.9.2004
VSPK v/bifreiðastjóra	Nýr samn.	29.11.2000	15.9.2003
Vlf. Borgarness v/Hyrnunnar	15.2.2000	30.11.2000	31.12.2003
Vlf. Hlíf v/bifreiðastjóra	Nýr samn.	4.1.2001	15.9.2003



Kjarasamningar sem ólokið er þann 1.5.2001

	Rann út
Bifreiðastjórastjórnun Sleipni	15.2.2000
FFSÍ vegna fiskimanna	15.2.2000
SSÍ vegna fiskimanna	15.2.2000
VSFÍ vegna fiskimanna	15.2.2000
Félag leiðsögumanna	31.10.2000
Undirmenn hjá Björgun hf.	15.2.2001

náði samkomulagi um nýtt starfsmat og röðun starfsmanna samkvæmt nýrri launatöflu sem síðan varð grundvöllur þess kjarasamnings sem undirritaður var 18. Desember 2000.

3.8. VERKSTJÓRAR

Kjarasamningar SA við Verkstjórasamband Íslands urðu lausir í nóvember sl. Nýr samningur við sambandið var undirritaður þann 20. desember 2000. Áfram er byggt á persónubundnum launum í kjarasamningi aðila þannig að enga launataxta er þar að finna. Um launin skal samið sérstaklega í ráðningarsamningi og þau endurspegla vinnuframlag, menntun og færni viðkomandi starfsmanns og þá ábyrgð sem starfinu fylgir. Starfsmaður á rétt á viðtali við yfirmann einu sinni á ári um störf sín og hugsanlega breytingu á starfskjörum. Sérstök áhersla var lögð á menntunarmál í samningnum. Á árinu 2001 mun SA þannig skipuleggja sérstök námskeið fyrir verkstjóra sem hugmyndin er að verði haldin á helstu þéttbýlisstöðum í samráði við verkstjórasamtökin. Á námskeiðum þessum verði sérstök áhersla lögð á að kynna nýmáli í lögum og kjarasamningum sem varða störf verkstjóra og ábyrgð þeirra í starfi. SA og verkstjórasamtökin munu einnig sameiginlega beita sér fyrir að verkstjórnarfræðsla fyrir verkstjóra verði gerð aðgengilegri og í því skyni kynna sér það fyrirkomulag sem nágrannapjórinnar hafa byggt upp.

3.9. BLAÐAMENN

Samningar náðust við blaðamenn 21. febrúar eftir óvenju stranga samningalotu. Gildir samningurinn til 31. október 2004. Kröfur um stórfelldar kaup-taxtahækkanir urðu háværar í kjölfar kjarasamninga kennara, enda er lungi blaðamanna háskólamenntaður og ber sig saman við aðra hópa háskólamanna. Til að mæta kostnaði við hækkun kaup-taxta varð að samkomulagi að lækka vaktalag og rýmka dagvinnutímabilið. Einnig samdist um að stofna styrktarsjóð blaðamanna sem mun m.a. taka yfir beinar greiðslur útgefenda til mæðra í fæðingarorlofi.

3.10. MÚRARAR, PÍPULAGNINGAMENN OG VEGGFÓÐRARAR

Sameiginleg samninganefnd kemur fram fyrir hönd þessara hópa, þ.e. vegna Múrarafélags Reykjavíkur, Múrarasambands Íslands, Sveinafélags pípu-lagningamanna og Veggfóðrarafélags Reykjavíkur. Viðræður fóru hægt af stað og fór svo að þeir vissuðu deilunni til sáttasemjara. Stór hluti krafna sneri að svokölluðum málefna-samningi milli Múrarafélags Reykjavíkur og Múrarameistarafélags Reykjavíkur sem Samtök atvinnulífsins eru ekki aðili að. Þegar ekki náðist saman um þau mál sagði Múrarafélagið málefna-samningnum upp frá og með 15. apríl. Þann 19. apríl voru kjarasamningar undirritaðir.

3.11. LEIÐSÖGUMENN

Þegar þetta er ritað eru viðræður í fullum gangi við leiðsögumenn og hafa aðilar náð samkomulagi um mikilvæg atriði sem snúa að starfslýsingum og grundvallarbreytingum á launakerfi leiðsögumanna.

3.12. IÐNNEMAR

Enn er ósamið við ASÍ um kjör þeirra iðnnema sem sveinafélög semja ekki fyrir, s.s. hársnyrtinema og snyrtifræðinema. Viðræður standa yfir og þess er vænst að þeim ljúki fjótlega.

3.13. FISKISKIP

Samningar fiskimanna voru lausir 15. febrúar 2000. Viðræður hófust í janúar sama ár en hafa verið árangurslausar til þessa. Um er að ræða samninga við tugi stéttarféлага sem aðild eiga að Sjómanna-sambandi Íslands, Farnanna- og fiskimannasambandi Íslands, Vélstjórnafélagi Íslands, Alþýðusambandi Vestfjarða og Alþýðusambandi Austfjarða.

Á þeim fjölmörgu fundum sem haldnir hafa verið í rúmt ár hafa framlagðar kröfur stéttarféлага og útvegsmanna verið ræddar í þaula. Útvegsmenn hafa lagt áherslu á að endurskoða skiptaprósentu og mönnunarákvæði sem eru löngu úrelt. Kröfur sjómanna hafa hins vegar snúð að því að hækka verulega launakostnað útgerðarinnar sem er nálægt 40% af tekjum eða umtalsvert hærra kostnaðarhlutfall en þekkist í flestum framleiðslugreinum.

Stéttarfélag sjómanna efndu til atkvæðagreiðslu um boðun verkfalls frá 15. mars 2001 og var samþykkt í flestum félögum að fara í verkfall. Útvegsmenn svörðu með því að samþykkja að leggja verkþann á frá sama tíma. Þrátt fyrir stíf fundahöld tókst ekki að ljúka samningum áður en verkfall og verkþann kom til framkvæmda.

Á Alþingi voru samþykkt lög að kvöldi 19. mars sem frestuðu verkfalli og verkþanni til 1. apríl. Þrátt fyrir langa og stranga fundi deiluaðila skulu verkfall og verkþann aftur á þann 1. apríl og þegar þetta er ritað er lausn enn ekki í sjónmáli.

3.14. KAUPSKIP

Kjarasamningar stéttarféлага yfirmanna á kaupskipum giltu til 1. nóvember 2000. Stéttarfélag skipstjóra, stýrimanna, bryta og matreiðslumanna, sem eru aðildarfélag Farnanna- og fiskimannasambands Íslands (FFSÍ), komu saman til viðræðna í september 2000. Vélstjórnarfélag á kaupskipum eru í Vélstjórnafélagi Íslands (VSFÍ) og hófust viðræður við VSFÍ á svipuðum tíma. Lítið hafði þókast þegar félögin í FFSÍ visuðu málum sínum til ríkissáttasemjara um mánaðamót október/nóvember og hófu undirbúning að atkvæðagreiðslu um verkfall. Upphaflegar kröfur FFSÍ félaga voru um nálægt 100% hækkun á launakostnaði.

Samningar tókust við VSFÍ 22. nóvember og við FFSÍ 23. nóvember. Samningar hópanna eru áþekkir og gilda til 1. mars 2004. Það sem ein-kennir þá helst er að samið var um svokallað fast-launakerfi. Reiknaðar eru út heildartekjur fyrir vinnu-



árið, sem er 7,3 – 7,5 mánuðir um borð, og heildartekjunum dreift á tólf jafnar greiðslur yfir árið. Með því eru jafnaðar þær tekjusevflur sem hafa þekkt og yfirmenn fá sömu greiðslu alla mánuði ársins. Verði yfirmaður skemur eða lengur en vinnuár sitt um borð eru gerðar tekjuleiðréttingar einu sinni til tvisvar á ári.

Í kjölfar samninganna hefur verið ágreiningur við stéttarfélag skipstjóra og stýrimanna um útfærslu á fastlaunakerfi á flóabátum og ferjum sem tengja sig kaupskipasamningunum. Til að skýra breytinguna voru reiknuð dæmi og útbúin minnisblöð um hvað myndi breytast við útfærslu í fastlaunakerfi og á hvern hátt. Í dæmunum var gjarnan reiknað út frá hæsta texta en forsvarsmenn stéttarfélagsins vilja túlka það sem tilboð um nýjan lágmarkstaxta. Þegar þetta er ritað er mál fyrir Félagsdómi um þann þátt.

3.15. SANDDÆLUSKIP

Kjarasamningar fyrir sanddæluskip Björgunar hf. tengjast kjarasamningum áhafna kaupskipa. Fyrir liggur að endurnýja þrjá kjarasamninga og að útbúa einn nýjan í viðbót.

Í fyrsta lagi er það samningur við Sjómannafélag Reykjavíkur en hann gildi til 15. febrúar árið 2000. Samningurinn var sérstakur fyrir þær sakir að hann var uppsegjanlegur með þriggja mánaða fyrirvara. Í honum voru sams konar ákvæði og í kaupskipasamningi frá 1997 um að laun hækki um 3% 1. janúar árið 2000 og árlega þaðan í frá um 3% sé samningnum ekki sagt upp. Samningnum var ekki sagt upp í fyrsta svo hann gildi til ársloka 2000. Þegar þetta er ritað hafa samningar ekki tekist en líkur eru á því að nýr samningur verði gerður fyrir lok aprílmánaðar.

Samningar við Skipstjóra- og stýrimannafélagið Ölduna og Vélstjórafélag Íslands giltu til 1. nóvember 2000. Eins og tíðkast hefur á undanförunum árum hafa samningar þessara félaga verið gerðir í kjölfar kaupskipasamninga og á sömu nótum. Nú brá svo við að eftir langar og strangar viðræður og kynningu á fastlaunakerfi komst útgerðin að þeirri niðurstöðu að hugsanlega væri best að fresta upptöku þess. Samningur við Skipstjóra- og stýrimannafélagið Ölduna var undirritaður 11. apríl og við Vélstjórafélagið 18. apríl. Þegar þetta er ritað er samningi við Sjómannafélag Reykjavíkur (SR) og matsveina ólokið.

Félag matreiðslumanna (FM) hefur gert kröfu til þess að gerður verði kjarasamningur við félagið vegna tveggja matreiðslumanna sem eru á skipunum og greiða félagsgjöld til félagsins. Matsveinasamband Sjómannasambands Íslands telur sig hafa samningsréttinn og gæti SR hagsmuna þess. Af hálfu SA hefur verið lagt til að gerðir verði ráðningarsamningar við matsveina í stað þess að gera kjarasamning um störf matsveina á sanddæluskipum. Um er að ræða störf á tveimur skipum og myndu þá matsveinarnir sjálfir ákveða í hvaða stéttarfélagi þeir vildu vera.

3.16. ASÍ OG SA UM SAMNINGSFORSENDUR

Í kjarasamningum SA við viðsemjendur sína á vör- mánuðum ársins 2000 voru samhljóða ákvæði um samningsforsendur. Kveðið var á um skipan sérstakrar nefndar sem hefði það hlutverk að leggja mat á kostnaðaráhrif kjarasamninga og á það hvort verðbólga hefði farið minnkandi. Kæmist nefndin að því að kostnaður hefði hækkað marktækt meira í samningum stærri félaga eða sambanda en í viðkomandi samningum gæti hún úrskurðað hækkingu á launaliðum, en að öðrum kosti væru launaliðir uppsegjanlegir. Nefndin skyldi jafnframt fjalla um það hvort verðbólga hefði farið minnkandi og ef ekki væru launaliðir samninga uppsegjanlegir.

Nefndin fór yfir og mat til kostnaðar þá samninga sem gerðir höfðu verið á samningssviði aðila. Þá aflaði nefndin gagna frá ríki og sveitarfélögum um kjarasamninga stærri félaga og sambanda sem þegar höfðu verið gerðir á samningssviði þeirra. Nefndin komst að sameiginlegri niðurstöðu þann 6. mars 2000 þess efnis að ekki væri tilefni til að segja upp kjarasamningum. Í fyrsta lagi taldi nefndin að verðlagsforsenda kjarasamninganna hefði staðist. Í öðru lagi taldi nefndin að launakostnaður hefði ekki hækkað marktækt meira í þeim samningum á almennum vinnumarkaði sem síðar voru gerðir en þeim sem mörkuðu launastefnuna á fyrstu mánuðum ársins 2000. Í þriðja lagi taldi nefndin það vera álitamál hvort þeir kjarasamningar sem gerðir höfðu verið á milli opinberra aðila og hlutaðeigandi stéttarféлага gæfu tilefni til að segja upp kjarasamningum. Af þeim sökum var þess freistað að ná samkomulagi í nefndinni til að forðast deilur um réttmæti á uppsögn samninga og kom fjöldi fulltrúa úr baklandi hvors aðila að þeim viðræðum.

Samkomulag náðist um að samningsbundin orlofsuppbót skyldi hækka úr 9.600 kr. í 20.000 kr. á orlofsárinu sem hófst 1. maí 2001 og desemberuppbót úr 29.000 kr. í 35.000 kr. á árinu 2001. Þessar greiðslur hækka því um samtals 16.400 kr. á árinu 2001 en tekið var fram í niðurstöðu nefndarinnar að hærri greiðslur en að framan er greint skyldu ekki hækka.

3.17. SAMNINGUR VIÐ VR OG LÍV

Í kjarasamningum verslunarmanna er einungis vísað til minnkandi verðbólgu í ákvæðum um samningsforsendur og engin tilvísun til framangreindrar nefndar SA og ASÍ. Báðir aðilar voru sammála um að verðbólguforsendan hefði staðist og því væri ekki tilefni til að segja upp samningum. SA ákvað þó að bjóða verslunarmönnum sambærilega hækkingu á orlofs- og desemberuppbótum og framangreint samkomulag frá 6. mars fól í sér en þó þannig að meginþunginn yrði lagður á hækkingu desemberuppbóta. Samningur var undirritaður þann 7. mars sem fól í sér að orlofsuppbót á orlofsárinu sem hófst 1. maí 2001 verði 15.000 kr. í stað 9.600 kr. og að desemberuppbót verði 40.000 kr. á árinu 2001 í stað 29.000 króna.



ÁBYRGÐASJÓÐUR LAUNA OG ATVINNULEYSISTRYGGINA-SJÓÐUR

4.1. ÁBYRGÐASJÓÐUR LAUNA

Staða sjóðsins er áfram mjög góð þótt svo virðist sem kröfum á hendur sjóðsins sé heldur að fjölga. Ábyrgðagjaldið er áfram 0,04 %. Eigið fé sjóðsins var um 940 m.kr. í árslok 2000. Tekjur voru um 250 m.kr., þar af af ábyrgðargjaldi um 140 milljónir, 43 milljónir vegna úthlutunar úr þrotabúum og vextir um 65 - 70 m.kr. Gjöld voru samtals 186 m.kr., þar af 96 milljónir vegna launa og 38 milljónir vegna lífeyrissjóðsgreiðslna. Sjóðurinn greiðir auk þess bætur vegna vinnuslysa, óhjákvæmilegan lögmannskostnað og fleira.

Sjóðurinn sem lýtur þriggja manna stjórn þar sem SA og ASÍ eiga sinn hvorn fulltrúann er vistaður hjá Vinnumálastofnun sem annast daglegan rekstur hans. Að kröfu stjórnar hefur nú verið gengið frá samningi um þá þjónustu milli sjóðstjórnarinnar, félagsmálaráðuneytis og Vinnumálastofnunar. Þörf er á að endurskoða lög um starfsemi sjóðsins og hefur sjóðsstjórnin hafið undirbúning þeirrar vinnu.

4.2. ATVINNULEYSISTRYGGINA-SJÓÐUR

Eigið fé sjóðsins í árslok 2000 er áætlað að vera um 6.500 m.kr. en var 4.100 m.kr. í árslok 1999. Tekjustofn sjóðsins er atvinnutryggingagjald sem er hluti af tryggingagjaldi. Samkvæmt lögum um tryggingagjald skal atvinnutryggingagjald hækka eða lækka eftir fjárbörfum Atvinnuleysistryggingasjóðs. Þegar atvinnuleysi minnkar mætti því gera ráð fyrir að tryggingagjald lækkaði, en sú er ekki raunin. Með lögum nr. 95/2000 um fæðingarorlof voru gerðar þær breytingar að lagt var á nýtt gjald, fæðingarorlofsgjald sem nemur 0,85% af tryggingagjaldi og atvinnutryggingagjald var lækkað í 0,8%.

Þá er Atvinnuleysistryggingasjóði nú gert að greiða ríflega helming kostnaðar við rekstur Vinnumálastofnunar og svæðisvinnumiðlana. Hefur kostnaðarhlutdeild sjóðsins aukist úr 50 m.kr. 1998 í 159 m.kr. á árinu 2000. Áður en ríkið tók yfir vinnumiðlun í landinu frá sveitarfélögum voru engar greiðslur frá Atvinnuleysistryggingasjóði til sveitarfélaga vegna skráningar atvinnulausra.

Árið 2000 námu heildarútgjöld sjóðsins um 1.560 m.kr. en 2.092 m.kr. árið á undan. Greiddar atvinnuleysisbætur voru 1.153 m.kr. og þar af 142 m.kr. vegna fiskvinnslufólks, sem er hækkun um 36 m.kr. frá árinu á undan. Styrkir vegna átaksverkefna sveitarfélaga námu 21 m.kr. í stað 30 m.kr. árið áður. Úrræði fyrir atvinnuleitendur hækkðu um 8 m.kr. frá árinu áður og voru 41 m.kr. Á árinu 2000 námu nefndarlaun vegna starfa í úthlutunarnefndum og þóknun til stéttarfélaga samtals 33 m.kr. í stað 28,5 m.kr. árið á undan.

Ágreiningur er við ríkisvaldið um sjálfstæði sjóðsins og ávöxtun á fjármunum hans. Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs mótmælti því að sjóðurinn væri færður undir A-hluta ríkissjóðs og hefur áritað ársreikning sjóðsins undanfarin tvö ár með fyrirvara um réttmæti færslunnar. Stjórn sjóðsins

hefur lagt áherslu á sjálfstæði hans samkvæmt lögum nr. 12/1997 um atvinnuleysistryggingar. Þá skrifuðu Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins félagsmálaráðherra bréf þann 12. desember sl. þar sem áréttað er að ASÍ og SA leggi sameiginlega áherslu á að verja sjálfstæði sjóðsins og mótmæli því kröftuglega að fasteignir og lausafé hans séu færð frá Atvinnuleysistryggingasjóði í ríkissjóð. Engin svör hafa enn borist við bréfinu.


4.3. VINNUMIÐLUN/VINNUMÁLASTOFNUN

Yfirstjórn vinnumiðlunar í landinu er í höndum Vinnumálastofnunar sem stofnuð var með lögum nr. 13/1997 um vinnumarkaðsaðgerðir. Undir stofnunina heyra átta svæðisvinnumiðlanir sem fylgja kjördæmamörkum að mestu, nema höfuðborgarsvæðið allt er eitt svæði og Suðurnes annað. Auk þess eru fjölmargir upplýsinga- og skráningarstaðir á hverju svæði.

Í tengslum við hverja svæðisvinnumiðlun eru starfandi níu manna svæðisráð sem skipuð eru þremur fulltrúum atvinnurekenda á svæðinu, þremur fulltrúum launþega, tveimur fulltrúum sveitarfélaga og einum fulltrúa framhaldsskóla. Svæðisráðið fylgist með stöðu og horfum í atvinnumálum á svæðinu og gerir tillögur um úrræði og úrbætur til að koma í veg fyrir atvinnuleysi og auka möguleika þeirra sem verða atvinnulausir til að fá vinnu aftur.

EURES (European Employment Services) er samstarf um vinnumiðlun milli ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu. Íslenskt heiti þess er EES-vinnumiðlun og hefur hún aðstöðu í verslunarhúsinu Firði í Hafnarfirði. Geta atvinnuleitendur sem vilja fara til starfa erlendis og atvinnurekendur sem vilja flytja inn vinnuaf frá öðrum ríkjum á EES svæðinu fengið þar aðstoð við að kanna hvað sé í boði.

Vinnumálastofnun annast afgreiðslu á atvinnuleyfum til útlendinga sem koma frá löndum utan EES í umboði félagsmálaráðuneytis. Fyrir Alþingi liggja nú tvö frumvörp sem tengjast þessu máli. Eru það frumvarp til breytinga á lögum um útlendinga og frumvarp til breytinga á lögum um atvinnuréttindi útlendinga. Af hálfu Samtaka atvinnulífsins hef-



Heimild: Hagstofa Íslands



ur verið lögð áhersla á að einn aðili hér á landi ann-ist útgáfu dvalar- og atvinnuleyfa í stað tveggja. Í nágrannalöndum okkar er útgáfa atvinnu- og dvalarleyfa í höndum þeirra sem hafa eftirlit með útlendingum, þ.e. útlendingaæftirlits eða útlendingastofu.

Vinnumálastofnun hefur aukið þjónustu sína með ráðningu vinnumarkaðsfræðings sem mun fylgjast með og taka saman upplýsingar um stöðu og horfur á vinnumarkaði. Leitast verður við að meta útlit og horfur og fjalla um framboð og eftirspurn eftir vinnuafli. Þá er áætlað að fjalla um atvinnuleysi og þróun þess og líta á tengsl atvinnuleysis og menntunar. Ætlunin er að reglulega verði gefin út skýrsla um vinnumarkaðinn þar sem reynt verður að varpa ljósi á stöðuna eins og hún er á hverjum tíma ásamt horfum á næstu mánuðum.

4.4. ERLENT VINNUAFL

Með aukinni eftirspurn eftir vinnuafli hefur innflutningur á erlendum starfskröftum aukist jafnt og þétt. Aðallega hefur verið flutt inn vinnuafli frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins. Tíminn sem það tekur að fá afgreitt atvinnuleyfi fyrir útlending sem kemur frá landi utan EES hefur lengst verulega frá því sem var og búast má við að það lengist enn við aðild Íslands að Schengen samstarfinu. Fyrir utan það fjalla tveir aðilar hér á landi um málið í stað eins í nágrannalöndum okkar.

Staða þeirra sem búsettir eru innan EES er öll önnur. Þeir hafa frjálsan rétt til dvalar og vinnu í öðru landi innan EES. Vakin er athygli á skrifstofu EES-vinnumiðlunar í Hafnarfirði sem getið er um hér að framan. Upplýsingar um hana er að finna á heimasíðu Vinnumálastofnunar á slóðinni www.vinnumalastofnun.is. Þegar starfsmaður hefur fundist með aðstoð EES vinnumiðlunarinnar getur hann allt eins verið kominn til landsins og í vinnu daginn eftir að hann er ráðinn.

Þegar hins vegar stendur til að fá starfsmann frá landi utan EES þarf að gæta ýmissa formreglna sem draga afgreiðslu málsins á langinn. Svæðisvinnumiðlun á fyrst að ganga úr skugga um að ekki sé hægt að útvega starfskraft innanlands. Þá verður að leggja fyrir umsögn stéttarfélags á staðnum innan 14 daga frá móttöku félagsins á umsókn um atvinnuleyfi. Leggja skal fyrir undirritaður ráðningarsamningur og heilbrigðisvottorð hlutaðeigandi starfsmanns. Að þessu loknu fjalla tveir aðilar um málið, útlendingaæftirlitið veitir dvalarleyfi og Vinnumálastofnun atvinnuleyfi.

Framangreindur ferill getur tekið æði langan tíma eins og margir atvinnurekendur hafa fundið fyrir. Þá er óheimilt að veita atvinnuleyfi nema viðkomandi fái dvalarleyfi og atvinnuleyfi er forsenda fyrir dvalarleyfi. Vinnumálastofnun getur því ekki veitt atvinnuleyfi nema útlendingaæftirlit hafi veitt dvalarleyfi og útlendingaæftirlit veitir ekki dvalarleyfi nema viðkomandi fái atvinnuleyfi. Verður því hvor stofnun fyrir sig að tryggja sér að hin stofnunin sjái ekkert því til fyrirstöðu að viðkomandi fái að dvelja hér á landi eða fái að vinna fyrir sér ef hann fái að dvelja hér á landi.



Heimild: Hagstofa Íslands

Er það með eindæmum hér á Íslandi að ekki sé leit-að hagkvæmustu lausna í þessum efnum.

Nefnd sem hefur unnið að endurskoðun laga um atvinnuréttindi útlendinga hefur nýverið skilað af sér og frumvarp um breytingu á lögum um atvinnuréttindi útlendinga hefur verið lagt fyrir Alþingi. Í nefndinni benti fulltrúi SA á kosti þess að einn aðili veiti bæði atvinnu- og dvalarleyfi í stað tveggja eins og hér er. Í nágrannalöndum okkar virðist algengast að hvort tveggja sé í höndum útlendingaæftirlits og væri eðlilegt að hafa sama hátt á hér. Fulltrúi ASÍ í nefndinni studdi það sjónarmið að einn aðili fjallaði um málið.

Fyrir nokkrum mánuðum sendi nefnd sú sem vann að endurskoðun laga um atvinnuréttindi útlendinga minnisblað til félagsmálaráðherra og dómismálaráðherra um að fella endurskoðun laganna um atvinnuréttindi útlendinga að endurskoðun laga um útlendinga. Ekkert svar barst frá ráðherrunum.

4.5. NEFNDIR OG RÁÐ

Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs

Aðalm. Jón H. Magnússon, SA
Aðalm. Erna Hauksdóttir, SAF
Aðalm. Jón Rúnar Pálsson, SA
Varam. Hannes G. Sigurðsson, SA
Varam. Ragnar Árnason, SA

Ábyrgðasjóður launa

Aðalm. Hrafnhildur Stefánsdóttir, SA
Varam. Jón H. Magnússon, SA

Stjórn Vinnumálastofnunar

Aðalm. Jón H. Magnússon, SA
Aðalm. Jón Rúnar Pálsson, SA

Svæðisráð vinnumiðlana

SA skipar þrjá aðalmenn og varamenn þeirra í átta svæðisráð á landinu.

Úthlutunarnefndir atvinnuleysisbóta

SA skipar tvo aðalmenn og varamenn þeirra í níu úthlutunarnefndir atvinnuleysisbóta á landinu.



JAFNRÉTTISMÁL

**5.1. JAFNRÉTTISSTARF SA**

Jafnréttishópur SA hefur unnið tillögur að jafnréttis- og fjölskyldustefnu SA en sú vinna er hluti af mál-efnastarfi samtakanna sem fjallað er um í 12. kafla. SA hefur fjallað ítarlega um nýju jafnréttislögin og fæðingar- og foreldraorlofsreglurnar í fréttabréfi og á vef samtakanna. Þar er einnig að finna fyrirmynd að jafnréttisáætlun en fyrirtækjum með fleiri en 25 starfsmenn er skylt að gera slíka áætlun eða tilgreina jafnréttismarkmið í starfsmannastefnu sinni. Þá gekkst SA, í samvinnu við norrænu ráðherranefndina, fyrir málþingi um Evrópuvinnurétt og jafnréttislöggjöf þann 10. mars 2001. Þar var bæði fjallað um löggjöfina sjálfa og Evrópureglur á þessu sviði, svo og um reynslu fyrirtækja af framkvæmd löggjafarinnar. Málþingið sem einnig var framlag SA til verkefnisins Konur og lýðræði var vel sótt og tókst vel. Sjá nánari umfjöllun í 11. kafla.

5.2. JAFNRÉTTISRÁÐ

Nýtt jafnréttisráð hefur hafið störf. Samkvæmt nýju lögunum er því ætlað að stuðla markvisst að jafnri stöðu og jöfnum rétti kvenna og karla á vinnumark-

aðinum og gera tillögur til félagsmálaráðherra um aðgerðir á þessu sviði. Ráðið skal jafnframt vera stjórnvöldum til ráðgjafar um jafnréttismál í vinnu- markaðsmálum og getur gert tillögur um úrbætur í jafnréttismálum á öðrum sviðum samfélagsins.

5.3. KÆRUNEFND JAFNRÉTTIS- MÁLA

Kærunefnd jafnréttismála lauk fjórum málum með álitsgerð á árinu 2000. Eitt þeirra varðaði ráðningu afleysingamanna á togara. Taldi nefndin að enda þótt ekki hefði verið auglýst eftir afleysingafólki skyldi engu að síður litið til þess við ráðningu að jafna stöðu kynjanna um borð í skipinu en þar voru eingöngu karlar í áhöfn. Bar skipstjóra því að velja konu enda teldist hún a.m.k. jafnhæf og þeir karlar sem sóttust eftir sömu stöðu.

5.4. NEFNDIR

Í fyrsta kafla ársskýrslunnar er skrá yfir nefndir og ráð á sviði jafnréttismála sem SA á aðild að.



LÍFEYRISSJÓÐIR


6.1. STAÐA LÍFEYRISSJÓÐANNA

Lífeyrissjóðakerfið hefur eflst mjög á undanförunum árum og eiga nær allir starfandi menn aðild að því. Ávöxtun sjóða hefur almennt verið mjög góð þótt síðasta ár skeri sig þar úr með slaka niðurstöðu. Hrein eign lífeyrissjóðanna óx hægar í fyrra en um 20 ára skeið, en hún var 570 milljarðar króna í árslok. Fjárhagsstaða lífeyrissjóðakerfisins er traust og góð staða margra sjóða gagnvart skuldbindingum sínum hefur gert þeim kleift að auka lífeyrisréttindi sjóðfélaga. Felast í því verulegar kjarabætur. Samtök atvinnulífsins telja að vel hafi tekist til um löggjöf um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða sem samþykkt voru á Alþingi 1997. Löggin sem tóku gildi 1. júlí 1998 hafa stuðlað að viðtækri sátt í þjóðfélaginu um þessi mikilvægu mál efni sem í nútíð og framtíð munu skipta miklu máli fyrir alla landsmenn. Fækkun lífeyrissjóða á undanförunum árum og meiri áhættudreifing mun draga úr mögulegum sambýlisvandamálum jafnrar og aldurstengdrar ávinnslu lífeyrisréttinda. Stjórnir smærri lífeyrissjóða þurfa áfram að leita allra leiða til stækkunar og sameiningar við aðra lífeyrissjóði. Einnig hlýtur að koma til greina að hækka mörk um lágmarksfjölda sjóðfélaga í hverjum lífeyrissjóði. Uppbygging lífeyrissjóða á samningssviði Samtaka atvinnulífsins felur í sér mikilsverðan árangur af samstarfi atvinnulífs og launþegahreyfingar. Íslenska lífeyrissjóðakerfið er talið afar hagkvæmt í alþjóðlegum samanburði og hefur það leyst sín viðfangsefni á hagstæðan hátt fyrir þjóðfélagið. Á næstu árum verður tímabært að ræða frekari samþættingu lífeyrissjóðakerfis og almennatryggingakerfis með frekari hagræðingu í huga.

6.2. AUKINN SÉREIGNA-SPARNAÐUR

Samkvæmt flestum samningum á almennum vinnumarkaði greiðir vinnuveitandi nú 1% framlag gegn 2% séreignarsparnaði starfsmanns og frá 1. janúar 2002 verður framlag vinnuveitenda 2%. Skattafrestun vegna séreignarsparnaðar nemur nú allt að 4% af launastofni og til viðbótar kemur 0,4% frá vinnuveitanda, sem síðan dregst frá tryggingargjaldi. Frá næstu áramótum gefst fólki því hagstæður möguleiki til viðbótarparnaðar í séreignarsjóði sem nemur samtals 6,4% af launum, þar af 4% eigið framlag sem nýtur skattfrestunar. Er ástæða til að fagna sérstaklega auknum heimildum til skattfrestunar vegna lífeyrissparnaðar. Þar sem þessi sparnaður rennur allur til að greiða lífeyri getur hann hækkað útgreiddan lífeyri til lífeyrisþegans verulega. Þegar fram líða stundir á þetta hlutfall að fara langt með að tryggja hlíðstæð kjör við þau sem launamenn nutu lengst af á starfsævi sinni.

Markmið kjarasamninganna um að yta undir sparnað og efla séreignarsparnað sem þriðju stoð lífeyriskerfisins virðist ganga vel eftir. Árið 1999 spöruðu rúmlega 20% launþega með þessum hætti samkvæmt upplýsingum Ríkisskattstjóra, en í janúar 2001 hafði hlutfall sparenda aukist í 37%



Heimild: Fjármálaeftirlitið

samkvæmt könnun Pricewaterhouse Coopers. Álika margir segjast leggja fyrir 2% og 4% af launum. Lausleg athugun hjá sextán fyrirtækjum í Samtökum atvinnulífsins bendir til þess að þetta sé síð of há tala. Viðmælendum ber saman um að eftir síðustu áramót hafi þeim fjölgað mikið sem spari á þennan hátt. Margir atvinnurekendur hafa hvatt starfsfólk sitt til að leggja meira í lífeyrissjóð og dæmi eru um að þeir hafi lagt meira á móti en þeim ber samkvæmt kjarasamningum. Bankar, verðbréfafyrirtæki og lífeyrissjóðir hafa einnig staðið fyrir mikilli kynningu á þessum sparnaði með auglýsingum og á vinnustöðum. Hlutfall sparenda er mjög mishátt eftir fyrirtækjum samkvæmt könnun SA. Hæst tæp 90%, en lægst rúm 10%. Fæstir spara í hópi þeirra sem eru ungir, staldra stutt við á vinnustað og fá lægst laun. Að meðaltali var hlutfallið 44% hjá þeim sextán fyrirtækjum sem rætt var við.

6.3. RÝMKAÐAR HEIMILDIR TIL FJÁRFESTINGA

Heimildir lífeyrissjóða til að fjárfesta í hlutabréfum voru á síðasta ári auknar úr 35% í 50% af hreinni eign sjóðanna, og heimildir til fjárfestinga í erlendum gjaldmiðlum voru auknar úr 40% í 50%. Þessi rýmkun er jákvætt skref og frekari þróun þarf til að koma á næstu árum. Lífeyriskerfið er að vaxa af slíkum hraða að það myndi yta undir þenslu innanlands ef fjárfestingar sjóðanna takmörkuðust eingöngu við Ísland. Aukin erlend eign lífeyrissjóða stuðlar almennt að áhættudreifingu og sveiflujöfnun í íslensku hagkerfi. Lífeyrissjóðirnir verða hins vegar stærðar sinnar vegna á íslenskum fjármagnsmarkaði að taka tillit til heildarhagsmuna við fjárfestingarárkvæðanir sínar.

6.4. SKIPAN Í STJÓRNIR LÍFEYRISSJÓÐA

Aðalmenn í stjórnnum lífeyrissjóðs tilnefndir af samtökum atvinnulífsins eru eftirtaldir:

Lífeyrissjóðurinn Framsýn

Gunnar Björnsson
Helgi Magnússon
Þórarinn V. Þórarinnsson
Bjarni Lúðvíksson

Lífeyrissjóðurinn Lífið

Sveinn P. Jónsson
Arnbjörn Óskarsson
Tryggvi Guðmundsson

Lífeyrissjóður Sjómanna

Guðmundur Ásgeirsson
Ásgeir Valdimarsson

Sameinaði Lífeyrissjóðurinn

Hallgrímur Gunnarsson
Friðrik Andrésson
Steindór Hálfðánarson

Lífeyrissjóður Verzlunarmanna

Víglundur Þorsteinsson
Kolbeinn Kristinsson

Lífeyrissjóður Vesturlands

Þórir Páll Guðjónsson
Rakel Ólsen
Gylfi Þórðarson

Lífeyrissjóður Bolungarvíkur

Einar Jónatansson
Agnar Ebenesersson
Jón G. Guðmundsson

Lífeyrissjóður Vestfirðinga

Kristján G. Jóhannsson
Einar Valur Kristjánsson

Lífeyrissjóður Norðurlands

Björn Sigurðsson
Eiríkur S. Jóhannesson
Jón E. Friðriksson

Lífeyrissjóður Austurlands

Eiríkur Ólafsson
Magnús Bjarnason

Lífeyrissjóður Rangæinga

Ragnar Pálsson
Guðmundur Svavarsson

Lífeyrissjóður Suðurlands

Örn Grétarsson
Einar Sigurðsson

Lífeyrissjóður Suðurnesja

Jón Æ. Ólafsson
Karl Njálsson
Eðvarð Júlíusson

Lífeyrissjóður Vestmannaeyja

Arnar Sigurmundsson
Eyjólfur Martinsson
Magnús Kristinsson

UMHVERFISMÁL OG SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

7.1. VINNUVERNDARMÁL

Heilsuvernd starfsmanna

Nefnd á vegum stjórnar Vinnueftirlits ríkisins vann að gerð tillagna um leiðir til að uppfylla ákvæði 11. kafla vinnuverndarlaganna sem fjallar um heilsuvernd starfsmanna. Nefndin, sem m.a. var skipuð fulltrúum atvinnulífsins úr stjórn VER, skilaði skýrslu um tillögur sínar í júlí 1999. Þar er lagt til að 66. og 67. greinum laganna verði breytt á þann veg að fleirum en heilsugæslustöðvum og sjúkrahúsum verði gefinn kostur á að sinna heilsuvernd starfsmanna. Í frumvarpi eru gerðar þær tillögur til viðbótar að fyrirtæki geti rekið eigin heilsuvernd og að fyrirtæki með færri en fimm starfsmenn verði undanþegin lagaskyldu um heilsuvernd, nema sérstök áhætta geri hana nauðsynlega. Frumvarpið hefur verið lagt fyrir Alþingi.

Vinna í kældu rými

Í ársbyrjun 1999 skipaði stjórn Vinnueftirlits ríkisins nefnd til að vinna tillögur að reglum um vinnu í kældu rými. Fulltrúar SA í nefndinni voru þeir Ágúst H. Elíasson og Helgi Ó. Óskarsson. Ragnar Árnason leysti Ágúst fljótlega af í nefndarstarfinu. Alls voru haldnir 13 formlegir fundir og skilaði nefndin tillögum sínum til stjórnar Vinnueftirlitsins í mars 2001. Reglurnar gilda um vinnu í kældu rými þar sem unnið er við framleiðslu matvæla og vinna þarf við lægra hitastig en 16°C vegna heilbrigðissjónarmiða við framleiðslu vörunnar. Harðast var deilt um lágmarkshitastig við vinnu í kældu rými og varð það úr að í bindandi reglum er kveðið á um að halda skuli hitastigi eins háu og mögulegt er. Í leiðbeiningum er nánar útfært hvaða hitastig skuli miða við. Meginreglan er sú að hitastig í vinnurými sé ekki lægra en 10 – 12°C en nokkrar undantekningar eru þó gerðar. Þannig má hitastig vera lægra í rými þar sem ekki er unnið að staðaldrí (minna en 2 klst. á

dag) en atvinnurekandi getur einnig sótt um undanþágu frá lágmarkshitastigi, enda sýni hann fram á nauðsyn þess að lækka hitastig enn frekar eða heilbrigðisfyrirvöld krefjast þess vegna framleiðslunnar. Þegar þetta er ritað liggur ekki fyrir hvenær reglurnar muni taka gildi, en fyrirtæki sem starfandi eru við gildistöku reglanna skulu eigi síðar en 18 mánuðum frá gildistöku vera búin að koma húsnæði sínu í það ástand sem krafist er í reglunum.

7.2. UMHVERFISMÁL

Stenúr: Starfshópur um endurnýtingu úrgangs

Á vegum umhverfisráðuneytis er starfandi starfshópur um endurnýtingu úrgangs, Stenúr, sem m.a. á að koma með tillögur um leiðir til að nýta úrgangsefni betur og hvernig beita megi hagrænum hvötum til að auka endurnýtingu þeirra og draga þannig úr förgun á úrgangi. Atvinnurekendur töldu enga betri hagræna leið í augnsýn til að ná fram markmiðum laganna en að beita sömu aðferðum og lög um spilliefnagjald kveða á um. Þar sem fulltrúar sveitarfélaganna samþykktu þessa leið fyrir sitt leyti var lagt upp með að semja lög um úrvinnslugjald í anda laganna um spilliefnagjald. Lög um úrvinnslugjald eru rammalöggjöf þar sem gert er ráð fyrir að þrír úrgangsflokkar verði tilgreindir til að byrja með, umbúðir, hjólbarðar og bíflök. Lagadrögin eru um þessar mundir í skoðun hjá ríkisstjórninni.

Grænt bókhald

Sú breyting hefur verið gerð á lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir að nýju ákvæði um grænt bókhald var bætt inn í lögin. Fyrsta bókhaldsár græns bókhalds skal vera árið 2003.





Starfsgreinar sem hlýta þessu ákvæði laganna eru 10 talsins með um 70 fyrirtæki. Nálægt 30 þeirra eru innan Samtaka atvinnulífsins. Grænt bókhald er í raun efnisuppgjör fyrirtækis sem byggir á fyrirliggjandi upplýsingum í tengslum við starfsleyfi þess.

Kerfi til umhverfisstjórnunar fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki

Á umhverfispingi þann 26. janúar undirritaði Finnur Geirsson, formaður SA, samstarfssamning SA við umhverfisráðuneyti, löntæknistofnun og Landmat ehf. um þróun kerfis til umhverfisstjórnunar á Netinu. Samningurinn gerir ráð fyrir að sett verði upp heildstætt upplýsingakerfi og er því ætlað að auðvelda litlum og meðalstórum fyrirtækjum að stilla upp grænu bókhaldi fyrir starfsemi sína og marka sér umhverfisstefnu án óviðráðanlegs kostnaðar. Stefnt er að því að frumútgáfa kerfisins verði tilbúin í júní 2001.

7.3. MEÐFERÐ HÆTTULEGRA EFNA

Spilliefnanefnd

Lokið er fyrsta starfstímabili spilliefnanefndar sem var fjögur ár og næsta þegar hafið. Á þessum tíma hefur tekist að leggja spilliefnagjald á þá vöruflokka sem tilgreindir eru í lögunum um spilliefnagjald og byggja upp þýðingarmikinn gagnagrunn um magn og meðferð þeirra spilliefna sem af vörunum leiða. Komið hefur í ljós að þær forsendur sem gengið var út frá í upphafi við álagningu spilliefnagjalds hafa í flestum tilvikum breyst. Því þarf að rétta álagningar-

kerfið af til að markmiðum laganna verði náð, þ.e. að gjöld og kostnaður standist á. Segja má að þróun mála eftir að álagning spilliefnagjalds hófst hafi orðið sú að skil spilliefna hafa aukist en notkun á vörum sem verða að spilliefni minnkar jafnt og þétt. Þannig fer það magn vöru minnkandi sem spilliefnagjald er lagt á meðan kostnaðurinn við endurnýtinguna eykst stöðugt með auknum skilum. Unnið er að því að endurskoða álagningarkerfið og þær förgunarleiðir sem boðið er upp á í dag.

7.4. ÁVARP FORMANNS SA Á UMHVERFSPINGI

Finnur Geirsson, formaður SA, ávarpaði umhverfisping sem haldið var þann 26. janúar. Í ávarpi sínu lagði Finnur megináherslu á mikilvægi þess að hafa virkt samráð við atvinnurekendur um þróun markaðsvænna lausna í umhverfismálum. Þar sé atvinnurekendum gefinn kostur á að hafa frumkvæði að útfærslunni og hugsanleg gjaldtaka einskorðast við raunverulegan kostnað af förgun eða endurnýtingu á viðkomandi úrgangi. „Forðast þer þunglamalegt eftirlit hins opinbera en treysta þeim mun meira á sjálfsmat og innra eftirlit fyrirtækja“ sagði Finnur meðal annars.

7.5. ERLEND SAMSKIPTI

Fjallað er um erlend samskipti á sviði umhverfismála í 9. kafla.

7.6. NEFNDIR

Í fyrsta kafla ársskýrslunnar er að finna skrá yfir nefndir og ráð á sviði umhverfismála sem SA á að-ild að.



ALÞINGI OG DÓMSTÓLAR

8.1. UMSAGNIR UM ÞINGMÁL

Samtök atvinnulífsins gefa Alþingi umsögn um margvísleg þingmál. Á síðastliðnu starfsári komu til umsagnar frumvörp til laga um:

- bættu þjónustu hins opinbera
- skattfrádrátt meðlagsgreiðenda
- persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77, EES-reglur.
- atvinnuréttindi útlendinga
- stéttarfélög og vinnudeilur, lausa kjarasamninga o.fl.
- aukatekjur ríkissjóðs
- skráningu og mat fasteigna
- virðisaukaskatt
- breytingu á tollalögum
- ársreikninga
- Seðlabanka Íslands
- skipan opinberra framkvæmda
- opinber innkaup
- verðtryggðar eignir og skuldir
- vexti og verðtryggingu
- útsenda starfsmenn, EES reglur

- viðskiptabanka og sparisjóði, breytingu sparisjóðs í hlutafélag
- sjálfbæra atvinnustefnu
- aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, reglur EES um vinnutíma o.fl.
- eftirlit með eigendum virkra eignarhluta í fjármálafyrirtækjum
- rafrænar undirskriftir
- lífeyrissjóð sjómanna, iðgjöld
- stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, sölu hlutafjár ríkissjóðs
- skipunarlög, þjóðaratkvæðagreiðslur
- hönnunarrétt, heildarlög
- réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, aldursmörk
- kjarasamninga opinberra starfsmanna, aðild að stéttarfélagi
- tekju- og eignarskatt, samvinnufélög
- samvinnufélög, innlánsdeildir
- samvinnufélög, rekstrarumgjörð
- þingskóp Alþingis, upplýsingar um hlutafélög
- skaðabótalög, tímabundið atvinnutjón
- umgengni um nytjastofna sjávar, veiðar umfram aflaheimildir
- atvinnuréttindi útlendinga, erlenda maka íslenskra ríkisborgara
- umgengni um nytjastofna sjávar, afla utan kvóta
- eldi á nytjastofnum sjávar
- eiturefni og hættuleg efni, yfirstjórn, gjaldtöku o.fl.
- lax- og silungsveiði, rekstrarleyfi, gjaldtöku, fiskeldisnefnd o.fl.
- tóbaksvarnir, markaðssetningu, tóbaksmengun o.fl.
- virðisaukaskatt, vinnu við íbúðarhúsnæði
- útlendinga
- eftirlit með útlendingum
- félagsþjónustu sveitarfélaga, heildarlög
- Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins
- vinnumarkaðsaðgerðir
- réttindagæslu fatlaðra
- fjáröflun til vegagerðar, þungaskatt
- Útflutningsráð, markaðsgjald
- stéttarfélög og vinnudeilur, sektarákvarðanir Félagsdóms
- réttindi sjúklinga, biðtíma
- lækningataeki
- verðbréfavíðskipti, útboð og innherjaviðskipti
- tekju- og eignarskatt, barnabætur
- greiðslu á kostnaði við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, álagningarstofnar
- tekju- og eignarskatt, söluhagnað hlutabréfa
- jöfnun flutningskostnaðar á sementi
- tekju- og eignarskatt, með síðari breytingum
- skipulags- og byggingarlög
- ábyrgðarmenn
- leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis
- ríkisábyrgðir, EES reglur
- tekju- og eignarskatt, skatthlutfall
- tekju- og eignarskatt, breytingartillögur
- almannatryggingar, tekjutenging bóta





- tekjustofna sveitarfélaga
- tekju- og eignarskatt, um Rannsóknarráð Íslands, rannsóknir og þróunarstarf
- tekju- og eignarskatt, framlög til menningarmála
- hlutafélög, aðild starfsmanna að stjórn
- stjórn fiskveiða
- umgengni við nytjastofna sjávar
- fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri í fiskiðnaði
- stjórn fiskveiða, sólarlagsákvæði, sóknardaga, veiðar smábáta o.fl.
- stjórn fiskveiða, aflahlutdeild skólaskipa
- dreifða eignaraðild að viðskiptabönkum og öðrum lánastofnunum

Einnig komu til umsagnar samtakanna þingsályktunartillögur um:

- fullgildingu á samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 163, um aðbúnað skipverja á hafi úti og í höfn (1987)
- fjárhagslegan aðskilnað í rekstri útgerðar og fiskvinnslu
- áframeldi á þorski
- samráð stjórnvalda við frjáls félagasamtök
- gerð neyslustaðals
- útboðsstefnu ríkisins til eflingar íslensku iðnaði
- umboðsmann neytenda
- stöðu óhefðbundinna lækninga
- könnun á áhrifum fiskmarkaða
- tólf ára samfellt grunnnám
- heilbrigðisáætlun til ársins 2010
- aðlögunarstuðning við lífrænan landbúnað
- áhrif lögfestingar stjórnarfrumvarpa á byggða- og atvinnuþróun
- að endurskoða fyrirkomulag í rafmagnsöryggismálum
- tóbaksverð og vísitölu
- samkeppnishæfa menntun og nýja stefnu í kjaramálum kennara
- byggðamál sumarið 2001
- uppsagnir eða mismunur í starfi vegna aldurs
- grundvöll nýrrar fiskveiðistjórnar
- stefnu Íslands í alþjóðasamskiptum
- upptöku Tobins-skatts á fjármagnsflutninga milli landa

8.2. LÖGGJÖF SEM SNÝR AÐ ATVINNULÍFINU

Frestun á verkfalli fiskimanna

Með lögum 8/2001 var verkfalli fiskimanna sem hófst aðfaranótt 16. mars 2001 frestað til kl. 24.00 hinn 1. apríl nk. Sama gildi einnig um verkabann útvegsmanna.

Fjármögnun fræðslumála ófaglærðra

Í framhaldi af kjarasamningum síðasta árs var lögum um atvinnuleysistryggingar breytt með lögum 182/2000 og heimilað var að verja á árunum 2001-



2003 ákveðinni fjárhæð úr Atvinnuleysistryggingasjóði til átaks í fræðslumálum ófaglærðra samkvæmt samkomulagi milli Samtaka atvinnulífsins, Flóabandalagsins og Starfsgreinasambandsins.

Útflutningsráð

Með breytingu á lögum um Útflutningsráð var markaðsgjald það sem lagt er á gjaldstofn til greiðslu tryggingagjalds til tekjuöflunar ráðsins framlengt um tvö ár. Verði ekki annað ákveðið með lögum fellur gjaldið niður frá og með 1. janúar 2003, sbr. lög 167/2000.

Tryggingagjald af greiðslum í fæðingarorlofi

Þær greiðslur launagreiðanda vegna fæðingarorlofs sem fást endurgreiddar úr Fæðingarorlofssjóði eru undanþegnar greiðslu tryggingagjalds, sbr. lög 156/2000 um breytingu á lögum um tryggingagjald.

Skatthlutfall og fasteignaskattar

Til að mæta aukinni fjárþörf sveitarfélaga var heimild þeirra til álagningar útsvars á einstaklinga hækkuð í tveimur áföngum um samtals 0,99% eða úr 12,04% í 13,03%. Til að milda áhrif hækkunarinnar var skatthlutfall tekjuskatts jafnframt lækkað um 0,33%. Sú breyting var einnig gerð að álagningarstofn fasteignaskatta skal miðast við fasteignamat en með því er horfið frá þeim ójöfnuði sem verið hefur en fasteignareigendum á landsbyggðinni hefur oft á tíðum verið gert að greiða fasteignaskatt sem er úr öllu samhengi við raunverulegt verðmæti fasteigna. Sjá lög nr. 144/2000 og 150/2000. SA benti í umsögn sinni á að hækkun á heildarskattbyrði verði ekki réttlætt með tilflutningi tekna til samræmis við tilflutning verkefna. Samtökin teldu hins vegar ekki óeðlilegt að tekjuskattur lækki ekki fyllilega til samræmis við hækkun heimildar til útsvarsálagningar sveitarfélaga vegna lækkunar fasteignaskatta á landsbyggðinni. Þann 13. mars, í framhaldi

Umsagnir SA um þingmál á vefnum

Allar umsagnir SA um þingmál eru birtar á vef samtakanna. Þar er hægt að sjá umsagnarferlið allt; hvenær mál barst samtökunum, hver sé ábyrgðarmaður málsins og hvenær það sé afgreitt. Þá eru umsagnirnar birtar í heild sinni á vefnum: www.sa.is

af niðurstöðu nefndar ASÍ og SA um forsendur kjarasaminga þann 6. mars, gaf forsætisráðherra út yfirlýsingu fyrir hönd ríkisstjórnarinnar sem kvað á um lækkun tekjuskattshlutfalls einstaklinga um 0,33% á árinu 2002 til mótvægis við heimildir sveitarfélaga til hækkunar útsvars frá og með næstu áramótum. Þá kvað yfirlýsingin á um skipan nefndar sem hafi það verkefni að skoða kosti og galla fjölþrepa skattkerfis.

Frestun á skattlagningu söluhagnaðar

Með lögum var afnumin heimild eldri laga til að fresta skattlagningu á söluhagnað hlutabréfa hjá einstaklingum. Jafnframt var lögfest að allur söluhagnaður einstaklinga af hlutabréfum skuli skattlagður með 10% án takmörkunar, eins og gildir um aðrar fjármagnstekjur, sbr. lög 149/2000. SA gerðu í sjálfu sér ekki athugasemd við að heimildin væri felld niður en töldu hana óþarfa þar sem afnám fjárhæðarmarkanna muni ná þeim tilgangi sem að væri stefnt. SA lagðist hins vegar eindregið gegn afnámi heimildar lögaðila til frestunar á skattlagningu á söluhagnað hlutabréfa í þeim tilvikum sem fjárfest er í sambærilegum eignum. Afnám heimildarinnar myndi hindra flæði fjármagns milli verkefna í atvinnulífinu og þannig vinna gegn betri nýtingu fjármagns, nýsköpun og hagkvæmni í atvinnulífinu.

Kaup starfsmanna á hlutabréfum samkvæmt kauprétti

Reglur um skattlagningu á kauprétt starfsmanns á hlutabréfum voru þrengdar þannig að miðað er við 600.000 kr. kauprétt að hámarki sem innleysa verður á hverju ári í stað samlagðs réttar. SA lagðist eindregið gegn breytingunni og telja að hún vinni gegn því markmiði að gera fyrirtækjum í hratt vaxandi atvinnugreinum í harðri samkeppni um starfsmenn, innanlands sem alþjóðlega, kleift að tengja þá betur við fyrirtækin og þar með stuðla að

nýsköpun og auknum vexti. Samtökin höfðu áður gagnrýnt að fjárhæðarmörkin væru of lág.

Í 11. kafla er fjallað um málþing SA um Evrópuvinnurétt og jafnréttislöggjöf, sem haldið var dagana 9.-10. mars 2001 í samstarfi við Norrænu ráðherranefndina.

8.3. DÓMSMÁL

Lögmæti verkfallsvörsluaðgerða

Dómur Hæstaréttar í máli 215/2000. Héraðsdómur í sama máli var reifaður í síðustu ársskýrslu. Deilt var um löndun vestfirskra fiskiskipa í verkfalli landverkafólks á Vestfjörðum 1997, er verkfallsverðir Alþýðusambands Vestfjarða stöðvuðu með valdi löndun vestfirskis togara í Reykjavík.

Niðurstaða Hæstaréttar var að það tilheyrði verkfallsrétti að landslögum að fólki og félögum í lögmætu verkfalli væri heimilt að verjast því með friðsamlegum aðgerðum, að reynt væri að draga úr áhrifum verkfallsins af hálfu þeirra, sem það beindist gegn, með því að fá aðra til að leysa af hendi vinnu að þeim störfum, sem lögð hefðu verið niður. Við komu togarans hafi verkfallsverðir tekið sér stöðu á bryggjunni og lagt bifreiðum sínum við skipshlið. Engin átök hafi orðið né beinar hótanir um valdbeitingu en jafnframt kemur fram að tilraunir virðist ekki hafa verið gerðar til að hefja löndun. Samkvæmt dómi Hæstaréttar er því ekki nægilegt til að sakfella stéttarfélag eða félagsmenn þess að hindrunum hafi þannig verið komi fyrir heldur þarf atvinnurekandi að gera tilraun til að brjótast í gegn um tálmanirnar og efna þannig til átaka.

Deilt var einnig um það hvort útgerðinni hafi verið heimilt að stefna skipinu til löndunar í Reykjavík meðan á verkfallinu stóð. Niðurstaða dómsins var að útgerð togarans og rekstur vinnslustöðvar útgerðarinnar á Ísafirði væru sambættur atvinnurekstur og að með löndun í Reykjavík hafi ætlunin verið að sneiða hjá áhrifum verkfallsins sem hafi fallið í sér brot gegn 18. gr. laga nr. 80/1938 og réttmætum hagsmunum verkalyðsfélagsins. Dómurinn féllst því ekki á að heimilt væri að beina verkefnum annað þegar þannig stæði á og ljóst væri að vinnan hefði að öðrum kosti verið framkvæmd af verkfallsmönnum en ekki þótti sýnt fram á að skipið hefði áður landað utan Vestfjarða á umræddu tímabili. Með tilvísuninni til sambættingar atvinnurekstrarsins virðist dómurinn þó gefa í skyn að niðurstaðan hefði getað orðið önnur ef svo hefði ekki verið.

Lögbann, forgangsréttur

Í síðustu ársskýrslu var einnig greint frá dómum Héraðsdóms Reykjavíkur í málum nr. E-4691 og E-4692 sem staðfestu lögbann sýslumanns á að Bifreiðastjórafélagið Sleipnir hindraði tilgreinda starfsmenn sem ekki voru í félaginu við að gegna störfum sínum meðan verkfall Sleipnismanna stóð yfir. Sleipnir áfrýjaði málunum til Hæstaréttar en felldi þau síðan niður. Félagið var dæmt til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.



ALPJÓÐASTARF Á VEGUM SAMTAKA ATVINNULÍFSINS

9.1. EFTA, EES, ESB

Sameiginlega EES nefndin afgreiddi 216 nýjar gerðir og breytingar á gömlum inn í samninginn á árinu 2000. Auk þess sendi fastanefnd EFTA/EES fimmtán álitsgerðir til framkvæmdastjórnar ESB um margvísleg efni. EFTA/EES ríkin hafa lítið sem ekkert samráð við aðila utan stjórnsýslunnar um þessi álit. Ráðgjafarnefnd EFTA hefur í starfi sínu lagt áherslu á að þessu verði breytt í framtíðinni. Innan ESB tíðkast náið samráð við hagsmunaaðila um efni sem þá varðar.

EFTA ríkin hafa nú undirritað fríverslunarsamninga við sextán ríki og staðfest samstarfsyfirlýsingar við tíu önnur. EFTA á um þessar mundir í viðræðum við sex ríki um fríverslunarsamninga. Í öllum tilfellum utan einu er um að ræða fríverslunarsamninga við ríki sem ESB hefur þegar samið við. Undantekningin er samningur EFTA við Kanada sem ekki hefur tekist að ganga frá.

9.2. RÁÐGJAFARNEFNDIR EFTA OG EES

Ráðgjafarnefnd EFTA hélt þrjá fundi auk þess að eiga fundi með fastanefnd EFTA, EFTA ráðherrum og Halldóri Ásgrímssyni utanríkisráðherra sem gegndi formennsku í EFTA á tímabilinu. Ráðgjafarnefnd EES hélt einn fund árið 2000 en í henni eiga sæti auk fulltrúa EFTA/EES ríkjanna fulltrúar frá Efnahags- og félagsmálanefnd ESB. Starf ráðgjafarnefndarinnar hefur tekið töluverðum breytingum með tilkomu EES samningsins. Samráð við stofnanir EFTA hefur aukist þó svo að mikið sé óunnið á því sviði eigi ráðgjafarnefndin að ná svipaðri aðstöðu og ráðgjafarnefnd ESB hefur. Lítið hefur reynt á möguleika nefndarinnar til að hafa áhrif á framgang EES mála en nefndarmenn stefna að því að finna viðunandi farveg fyrir þau. Segja má að nefndin sé í störfum sínum að þróast úr málfundafélagi um Evrópumál í raunverulega hagsmunavörslu fyrir fyrirtæki og fólk innan EFTA/EES. Í starfi sínu hefur nefndin lagt áherslu á málefni innri markaðarins, upplýsingasamfélagið, stækkun ESB og samskipti við ríki utan EES.

9.3. UNICE

Segja má að aðildin að UNICE sé hornsteinn að Evrópastarfi SA. Í nánú samstarfi við önnur hagsmunasamtök innan EES og þá sérstaklega þau



norrænu tekst SA að fá yfirsýn yfir það helsta sem á sér stað á Evrópuvettvangi. Þetta auðveldar samtökunum að forgangsraða viðfangsefnum með íslenska hagsmuni í huga. UNICE hefur gengið í gegnum þrengingar, annars vegar vegna staðnaðra vinnubragða og hins vegar vegna skyndilegs brottþvarfs framkvæmdastjórnar úr starfi. Unnið er að því að leysa skipulagsvanda samtakanna en nefnd valinna formanna og framkvæmdastjóra aðildarsamtaka vinnur að tillögum til úrbóta. Þá er leitað að nýjum framkvæmdastjóra fyrir samtökin.

SA hefur lagt áherslu á að sækja fundi í þeim nefndum sem hafa myndugleika til að afgreiða mál. Vinnuhópum og sérfræðinganefndum er minna sinnt. Fulltrúi SA, sem í flestum tilfellum er forstöðumaður Evrópuskrifstofunnar, hefur þó sótt fundi í nefndum sem fjalla um málefni upplýsingasamfélagsins og einkaleyfi vegna augljósra EFTA/EES hagsmuna. Það skiptir miklu máli fyrir íslensk fyrirtæki að þau standi fyllilega jafnfætis ESB fyrirtækjum á þessum sviðum sem öðrum. Breytt vinnubrögð innan ESB kalla á breyttar aðferðir þeirra sem vilja hafa áhrif. Það færir í vöxt að framkvæmdastjórn sambandsins leggi fram tillögur sem miða að samstarfi aðildarríkjanna um tiltekin viðfangsefni



eða markmið í stað þess að leggja fram tillögur til samþykktar. Í sumum tilfellum er um að ræða mál sem ekki falla undir sáttmálann. Á leiðtogafundinum í Lissabon settu aðildarríkin sér hátt í hundrað markmið sem stefna að því að auka samkeppnishæfni ESB. Þegar samstarfið fer inn á þessar brautir lenda EFTA/EES ríkin á hliðarspori þar sem þessi mál fara ekki hina hefðbundnu leið ákvarðana sem sjálfvirk tryggir að þau eigi að gilda á EES. Það er því mjög mikilvægt að stjórnvöld EFTA/EES haldi vöku sinni og fylgist grannt með þessari þróun. Innan UNICE er þessu máli fylgt fast eftir.

9.4. SAMRÁÐ OG AÐILD AÐ EVR-ÓPSKUM KJARASAMNINGUM

Eins og fram kemur í síðustu ársskýrslu SA hafa frá sl. sumri staðið yfir samningar um starfsemi framleigufyrirtækja (temporary agency work) án þess að mikið hafi þókast áfram. Forsætisnefnd UNICE ákvað þó á fundi sínum í mars að samningatilraunum skyldi haldið áfram en því var hafnað af stjórnarnefnd ETUC, Evrópusamtaka verkálýðsfélaga. Viðbrögð framkvæmdastjórnar ESB voru að hvetja aðila til áframhaldandi samninga. Tillaga að laga-setningu yrði ekki lögð fram af hennar hálfu fyrr en aðrar leiðir væru fullreyndar. Aðallega er deilt um tvennt. Hvernig vernda eigi útleigða starfsmenn gegn mismunun, þ.e. hvort bera eigi þá saman við starfsmenn notendafyrirtækisins eða útleigufyrirtækisins. UNICE telur nauðsynlegt að aðildarríkin geti átt val um það á meðan ETUC krefst þess að miðað verði alfarið við notendafyrirtækið. Hins vegar er deilt um hvernig koma megi í veg fyrir misnotkun en ETUC leggur áherslu á að í því skyni verði í samningnum almenningar fyrirvarar og hindranir gegn útleigu starfsmanna.

Fjarvinna starfsmanna er mjög til umræðu og hefur UNICE boðið ETUC til viðræðna um samnig um það efni sem yrði þó ekki lagalega bindandi. Af

háfu UNICE er bent á að þróun fjarvinnu í gegn um Netið sé þáttur í að efla þekkingu og samkeppnishæfni evrópsks atvinnulífs. Um sé að ræða starfsaðferð, ekki lagalega stöðu. Þetta er í fyrsta skipti sem UNICE tekur frumkvæði af þessu tagi en því hefur enn ekki verið svarað af hálfu ETUC. Framkvæmdastjórnin óskaði síðan þann 15. mars eftir því að aðilar vinnumarkaðarins í Evrópu tækju afstöðu til hugsanlegra samninga.

9.5. EVRÓPUSKRIFSTOFAN

Á milli tvö og þrjú hundruð nýjar gerðir eru teknar inn í EES á hverju ári. Þrátt fyrir að bróðurpartur þessara gerða séu breytingar og aðlaganir á eldri gerðum er enginn vegur fyrir íslensku samtökin að halda utan um öll þessi mál. Forgangsröðun viðfangsefna er þess vegna mjög mikilvæg. Það er og mikilvægt að eyða hvorki tíma né aðstöðu í verkefni sem aðrir sinna með ekki síðri árangri. Samstarfið við norrænu samtökin hefur reynst einstaklega heilladrjúgt í þessu sambandi. Innan UNICE er samráð á milli þessara samtaka mjög náð og að mörgu leyti sérstakt. Vaxandi umsvif ESB í vinnumarkaðsmálum skapa umtalsverða vinnu fyrir samtök atvinnurekenda innan EFTA/EES, en þessi mál hafa til þessa lítið komið til kasta ráðgjafarnefndarinnar. Enn sem komið er fer lítið fyrir stórum sigrum fyrir fyrirtæki en margt bendir til þess að viðhorf til lögusmiða innan ESB séu að breytast hvað þetta varðar. Að stórum hluta má þakka það ötuldu starfi UNICE í samkeppnishæfni en í því hafa íslensku samtökin tekið fullan þátt.

Í Evrópusamvinnunni er mikilvægt að vera á blaði, hafa stól við borðið eins og sumir orða það. Því er lögð áhersla á að gefa hvergi eftir stóla og sjá til þess að þeir séu alltaf setnir þegar tilefni er til. Þá skiptir máli að samtök innan ESB viðurkenni og taki tillit til þess að við eigum hagsmuna að gæta á flestum sviðum samstarfsins. Til þess að tryggja þetta þarf að vera nærstaddur og minna á tilveru sína þegar nauðsyn ber til. Í langflestum tilfellum gengur vel að fá ESB til að hafa EFTA/EES með þó svo að á stundum komi fram sú skoðun að við séum að fleyta rjómann ofan af og getum trauðlega gert kröfu um sneið af kökunni þar sem við leggjum ekkert í baksturinn. Sú staðreynd að við tökum fullan þátt í starfi UNICE og erum eftir megni sýnileg, dregur úr tortryggni og skapar okkur bandamenn sem duga þegar á reynir.

9.6. ALPJÓÐAVINNUMÁLASTOFN-UNIN, ILO

Starfsemi samráðsnefndar ILO sem í eiga sæti fulltrúi félagsmálaráðuneytis, SA og AÍ var með hefðbundnum hætti. Nefndin kemur að skýrslugjöf íslenskra stjórnvalda um framkvæmd ILO reglna hér á landi og skoðar alþjóðasamþykktir stofnunarinnar með tilliti til hugsanlegrar fullgildingar. SA hefur jafnan fylgt mjög varfærinni stefnu í því með vísan til mikilvægis þess að viðhalda sveigjanleika á íslenskum vinnumarkaði, en margar ILO samþykktir setja



mjög ítarlegar reglur sem fá ríki geta uppfyllt að fullu. Fundir IOE, Alþjóðasamtaka vinnuveitenda sem starfa á vettvangi ILO, sem haldnir eru í tenglum við fasta fundi stjórnarnefndar ILO í Genf í mars og nóvember hafa ekki verið sóttir af hálfu SA. Um umfjöllun um Alþjóðavinnuáætlun 2000 vísast til síðustu ársskýrslu.

9.7. FASTANEFND NORRÆNU VINNUVEITENDASAMTAKANNA

Síðasti fundur var haldinn í ágúst 2000 í Kalmar í Svíþjóð og er fjallað um hann í síðustu ársskýrslu SA. Næsti fundur verður haldinn í ágúst 2001 í Finnlandi.

9.8. NORRÆN SAMVINNA

NAU, norræna vinnumarkaðs- og vinnuréttarnefndin, efndi til árlegs fundar með fulltrúum aðila vinnumarkaðarins á Norðurlöndum í Helsinki í apríl þar sem rætt var um þau mál sem efst eru á baugi. Norrænu vinnuveitendasamtökin hafa með sér óformlegt samstarf við undirbúning og þátttöku í þessum fundum og öðru norrænu samstarfi og skiptast á að sinna nokkurs konar tengiliðastarfssemi.

Þess ber einnig að geta að málþing SA um Evrópuvinnurétt og jafnréttislöggjöf, þann 9.-10. apríl 2001, var styrkt af Norrænu ráðherranefndinni. Fjallað er um málþingið í 11. kafla ársskýrslunnar.

9.9. ÁRSFUNDUR HAGDEILDA NORRÆNNA ATVINNUREKENDA

Síðasti fundur var haldinn í ágúst 2000 í Osló og var fjallað um hann í síðustu ársskýrslu SA. Næsti fundur verður haldinn í september nk. hér á landi.

9.10. LÖGFRÆÐINGAMÓT NORRÆNU VINNUVEITENDASAMTAKANNA

Um árlegt mót lögfræðinga norrænu vinnuveitendasamtakanna vísast til síðustu ársskýrslu.

9.11. FUNDIR UMHVERFISMÁLAEILDA NORRÆNNA ATVINNUREKENDA

Árlegur fundur umhverfismáladeilda norrænna atvinnurekendasmata var haldinn í Finnlandi í mars 2001. Fulltrúi Samtaka iðnaðarins sótti fundinn fyrir hönd SA. Þar var m.a. rætt um umhverfissvæna hönnun vöru þar sem tillit er tekið til umhverfisáhrifa hennar á lífsferlinu „frá vöggu til grafar.“ Þá var komið inn á loftslagsbreytingar af mannavöldum og mismunandi viðbrögð Norðurlanda til að taka á þeim vanda.

9.12. ÁRSFUNDUR VINNUVERNDARDEILDA NORRÆNNA ATVINNUREKENDA

Síðasti fundur var haldinn í september 2000 í Helsinki og er fjallað um hann í síðustu ársskýrslu



SA. Næsti fundur verður haldinn í september 2001 í Svíþjóð.

9.13. AF STARFI NEMIA

SA á aðild að gagnkvæmu váttryggingarfélagi norrænu vinnuveitendasambandanna, Nordic Employers Mutual Insurance Association sem VSI átti aðild að frá árinu 1988. Hlutverk félagsins er að endurtryggja tjónsáhættu vinnudeilusjóða samtakanna vegna bótagreiðslna í tengslum við vinnustöðvanir. Félagið er lokað og aðild hafa einungis hin fimm norrænu samtök vinnuveitenda. Félagið starfar í Lúxemborg og hefur eflst mikið frá stofnun þess árið 1986.

Iðgjöld til félagsins taka mið af tjónareynslu og þar sem sjóðurinn hefur ekki tekið á sig verulegar tjónagreiðslur eru iðgjöld SA miðuð við lágt tjónahlutfall og hafa þau eingöngu gengið til að byggja upp tæknilegan varasjóð hjá NEMIA. Komi hins vegar til mikilla útgjalda getur aðildin að félaginu auðveldað vinnudeilusjóðnum að standa undir væntingum.

9.14. NEFNDIR

Í fyrsta kafla ársskýrslunnar er að finna skrá yfir fulltrúa SA í nefndum á sviði alþjóðasamskipta.



MENNTASTARF Á VEGUM SAMTAKA ATVINNULÍFSINS

10.1. HELSTU VIÐFANGSEFNI MENNTAMÁLA HJÁ SA

Starf Samtaka atvinnulífsins að menntamálum hefur annars vegar einkennst af þeim ramma sem lög-gjöf um ólík skólastig setur menntastofnunum og fyrirtækjum í landinu og hins vegar af þeim ramma sem kjarasamningar setja starfinu.

Unnið hefur verið að margvíslegum verkefnum á tímabilinu. Menntahópur SA hefur unnið tillögur að menntastefnu SA og er sú vinna hluti af því mál-efnastarfi sem fjallað er um í 12. kafla. Þá hefur verið unnið að áframhaldandi uppbyggingu Menntar – samstarfsvettvangs atvinnulífs og skóla og mikil áhersla verið lögð á þátttöku í starfsgreinaráði félagsmálaráðuneytis þar sem fulltrúi SA tók við for-mennsku sl. haust. Loks var unnið að uppbyggingu á þeim menntaverkefnum sem ákvörðuð voru í kjarasamningum gerðum á árinu 2000.

10.2. ÁFRAMHALDANDI UPPBYGGING MENNTAR

Áfram var unnið að uppbyggingu Menntar, samstarfs- og samráðsvettvangs atvinnulífs og skóla á sviði menntunar, sem þjóna á fyrirtækjum, félögum, skólum og öðrum fræðslustofnunum. Verkefnum Menntar hefur fjölgað töluvert á síðasta starfsári. Fyrst má telja söfnun og dreifingu upplýsinga á sviði menntunar eins og lög og reglugerðir, stefnumótun, rannsóknir, tilraunaverkefni, framboð á námi, o.s.frv.

Þá var unnið að hönnun og uppbyggingu á sameiginlegri upplýsingaveitu um námsframboð á Íslandi. Hér er á ferðinni gagnagrunnur og vefsíður-kerfi sem ætlað er að auka almenningi yfirsýn á það nám sem í boði er á framhalds-, háskóla- og endurmenntunarstigi.

Stór þáttur í starfsemi Menntar lýtur að stuðningi við þá sem hafa áhuga á auknu Evrópusam-

starfi. Félagið hvetur og styður við umsækjendur í Leonardo da Vinci II starfsmenntaáætlun Evrópu-sambandsins, ásamt því að dreifa niðurstöðum úr verkefnum áætlunarinnar. Gerður hefur verið samningur við Landsskrifstofu Leonardo um að Mennt sjái um vissa þætti í framkvæmd Leonardo til styrktar fyrir áætlunina á Íslandi. Fyrirferðarmest er þar aðstoð við umsækjendur. Í desember sl. var úthlutað úr Leonardo starfsmenntaáætluninni tæpum 100 milljónum til tveggja íslenskra verkefna. Annað verkefnið er undir verkefnisstjórn Menntar og kallast „Associated Networks in Managing Transition in Europe“ eða ANIMATE. Styrkurinn nemur um 27 milljónum íslenskra króna.

Mennt hefur umsjón með þátttöku Íslendinga í ýmsum námsferðum og skipulagningu námsferða á Íslandi fyrir þátttakendur frá öðrum löndum Evrópu. Á liðnu ári fengu átta Íslendingar námsferð-astyrki CEDEFOP til kynningar á starfsmenntun í Evrópu. Mennt hefur einnig umsjón með Europass-verkefni Evrópusambandsins hér á landi en þar er á ferðinni nokkurs konar „evrópskt starfsmennta-vegabréf“. Í því felst að starfsþjálfun í öðru landi í tengslum við nám er viðurkennd og metin á milli ólíkra starfsmenntakerfa í þeim löndum sem aðild eiga að verkefninu.

Af innlendum viðburðum sem hafa verið í umsjá Menntar ber hæst Viku símenntunar, en það er átak á landsvisu sem miðaði að því að hvetja fólk með stutta skólagöngu að baki til að auka við þekkingu sína og færni. Undirbúningur að Viku símenntunar stóð yfir í sjö mánuði og sá Mennt um verkstjórn, framkvæmd og samræmingu á verkefni- nu í samvinnu við símenntunarmiðstöðvar í landinu. Mörg fyrirtæki, stofnanir, skólar og einstaklingar um land allt tóku þátt í dagskrá átakans sem var vel heppnað að flestu leyti. Vika símenntunar verður næst 3. til 9. september nk. og verður þema vikunnar um tölvulæsi og tungumálanám.

10.3. STARFSMENNTARÁÐ

Starfsmenntaráð starfar samkvæmt lögum um starfsmenntun í atvinnulífinu frá 1992. Tilgangur ráðsins er að efla starfsmenntun í landinu og úthlutar það m.a. styrkjum til starfsmenntunar. Í starfsmenntaráði eru sjö menn skipaðir af félagsmálaráðherra. Þrír eru skipaðir samkvæmt tilnefningu frá samtökum atvinnurekenda og þrír samkvæmt tilnefningu frá samtökum launafólks. Ráðherra skipar einn án tilnefningar. Undanfarin ár hefur starfsmenntasjóður Starfsmenntaráðs fengið um 60 milljónir króna úr atvinnuleysistryggingar-sjóði til úthlutunar. Ákveðið hefur verið að beina fjármunum í vaxandi mæli að stærri verkefnum í stað þess að dreifa þeim víða. Auk þess hefur mjög verið dregið úr stuðningi við námskeiðahald. Ákveðnir fjármunir hafa verið eyrnamerkir rannsóknnum á sviði starfsmenntunar og til markaðs-setningar og kynningar á verkefnum tengdum starfsmenntun. Styrkir eru nú veittir á grundvelli umsókna þess að ári. Í ár lagði Starfsmenntaráð





áherslu á þrjú þemu við úthlutanir á styrkjum. Þau eru: verkefni er tengjast notkun upplýsingatækni í starfsmenntun; verkefni er stuðla að auknum gæðum starfsmenntunar; og að lokum starfsmenntun erlends starfsfólks. Úthlutun fór fram í maí 2001.

Á hverju ári verðlaunar Starfsmenntaráð þá sem unnið hafa framúrskarandi starf á sviði starfsmenntunar í samstarfi við Mennt. Tilgangur með afhendingu verðlaunanna er að vekja athygli á mikilvægi starfsmenntunar og því sem vel er gert á þessu sviði. Verðlaununum er ætlað að verða vinningshöfum hvatning til áframhaldandi starfs og öðrum til fyrirmyndar. Það var forseti Íslands, hr. Ólafur Ragnar Grímsson, sem afhenti Starfsmenntaverðlaun fyrir árið 2000 þann 27. nóvember sl. Þau voru veitt í þremur flokkum og varð Íslenska álfélagið hlutskarpast í flokki fyrirtækja, Rafiðnaðarskólinn í flokki fræðsluaðila og viðurkenningu í opnum flokki hlaut Guðrún Halldórsdóttir sem hefur frá árinu 1972 stýrt Námsflokkum Reykjavíkur.

10.4. UPPBYGGING Á MENNTA- VERKEFNUM SEM ÁKVÖRD- UÐ VORU Í KJARASAMNING- UM GERÐUM Á ÁRINU 2000

Í kjarasamningunum vorið 2000 var gert samkomulag við stéttarfélög verkafólks og verslunarmanna um að vinna sameiginlega að aukinni hæfni og starfstengdri menntun starfsfólks. Samkomulag var gert við Verkamannasamband Íslands (nú Starfsgreinasamband Íslands) og Flóabandalagið um að setja á fót sérstök verkefni fyrir eftir- og endurmenntun ófaglærðra starfsmanna. Markmiðið er að treysta stöðu einstaklinga á vinnumarkaði og bæta samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja. Stofnaðar voru verkefnisstjórnir annars vegar fyrir Flóabandalagið og hins vegar fyrir Starfsgreinasambandið. Hin fyrrnefnda fékk nafnið Starfsafl og hin síðarnefnda nafnið Landsmennt. Eru þær skipaðar þremur aðilum frá fulltrúum stéttarféлага og þremur frá SA.

Starfsafl og Landsmennt eiga að hafa frumkvæði að þróunarverkefnum í starfsmenntun, leggja áherslu á kynningar- og hvatningarstarf er tengist starfsmenntun, kanna þörf atvinnulífsins fyrir starfsmenntun ófaglærðs verkafólks og styrkja einstaklinga og fyrirtæki til starfsmenntunar. Umsóknir um styrki hafa verið afgreiddar, bæði frá einstaklingum og samstarfsaðilum um menntamál.

Aðildarfyrirtæki SA sem eru með starfsfólk félagsbundið hjá Starfsgreinasambandinu og Flóabandalaginu eiga rétt á því að sækja þjónustu til Starfsafls og Landsmenntar.

Til þessa átaks í starfsfræðslumálum ófaglærðs starfsfólks verður á næstu árum varið 120 milljónum króna til starfsfræðsluverkefna með Flóabandalaginu (Starfsafl) og 140 milljónum króna til verkefna með VMSÍ (Landsmenntar). Fjármunir þessir


koma að mestu frá fyrirtækjum í gegnum greiðslu tryggingargjalds, eða 200 m.kr., en stéttarfélögin skulu samtals leggja fram 60 m.kr. (sjá nánar: www.starfsafl.is og www.landsmennt.is).

SA og VR/ LÍV gerðu með sér samkomulag um starfsmenntamál verslunarfólks um að setja á stofn starfsmenntasjóð sem bæði starfsfólk og fyrirtæki geta sótt til. Samþykkt var að leggja sérstakt starfsmenntagjald á fyrirtækin sem almennt er 0,15% af heildarlaunum verslunarmanna. Þó geta fyrirtæki sem sinna starfsmenntamálum með formlegum hætti fengið lækkuð í 0,05%, enda verji þau sambærilegum eða meiri fjármunum til starfsmenntamála en sem nemur 0,15% af launum. Stéttarfélögin greiða sem svarar einum þriðja af greiddu framlagi atvinnurekenda til verkefnisins. Gert er ráð fyrir að greiðslur muni nema allt að 40 m.kr. á hverju ári samningstímans eða allt að 150 m.kr. á samningstímanum öllum.

10.5. STARFSGREINARÁÐ

Samkvæmt lögum er starfsgreinaráðum ætlað að skilgreina þarfar starfsgreina fyrir kunnáttu og hæfni starfsmanna og setja fram markmið með starfsnámi. Þau gera einnig tillögur að skiptingu náms milli skóla og vinnustaða og semja reglur um nám á vinnustöðum. Ráðin eiga að hafa frumkvæði að tillögugerð um breytta skipan náms og vera stjórnvöldum til ráðuneytis í málum er varða menntun í starfsgreinum er undir ráðið heyra. Störf starfsgreinaráðanna eru mjög margvísleg. Menntamálaráðuneytið hefur samþykkt sérstaka fjárveitingu til starfs hvers ráðs fyrir sig og hafa nokkur starfsgreinaráð þegar ráðið starfsmann í hlutastarf. Þau ráð sem lengst eru komin í starfi sínu lofa góðu og því hefur það verið ásetningur atvinnulífssamtakanna, bæði SA og ASÍ, að vikja ekki af leið.

Mikilvægt er að þróa áfram það fyrirkomulag starfsmenntunar sem staðfest er í lögum um framhaldsskóla frá 1996. Fullyrða má að þessi lög séu markverðasta framfaraspor í starfsmenntun sem stigið hefur verið í langan tíma. En góð lög tryggja ekki farsæla framkvæmd. Það er því eitt af forgangsverkefnum starfsgreinaráðanna á næstu misserum að móta áfram sín verkefnasvið.



10.6. TILNEFNINGAR SA Í NEFNDIR OG RÁÐ Á SVIÐI MENNTA-MÁLA

Starfsmenntaráð félagsmálaráðuneytis

Aðalm. Davíð Stefánsson, Vefur ehf.
Aðalm. Ingi Bogi Bogason, SI
Aðalm. Halldór Frimannsson, VÍS hf.
Varam. Jón H. Magnússon, SA
Varam. Ágúst H. Elíasson, SF
Varam. Ingvar Stefánsson, Ólíufélagið hf.

Mennt, samstarfsnefnd atvinnulífs og skóla

Aðalm. Davíð Stefánsson, Vefur ehf.
Aðalm. Ingi Bogi Bogason, SI
Varam. Ágúst H. Elíasson, SF
Varam. Bjarni Thoroddsen, Stálsmiðjan hf.

Verkefnisstjórn vegna starfsmenntamála verslunarmanna

Aðalm. Sigurður Ólafsson, VÍS
Aðalm. Sigurður Jónsson, SVP
Aðalm. Steinþór Þórðarson, Baugur hf.
Varam. Hannes G. Sigurðsson, SA
Varam. Ingi Bogi Bogason, SI

Verkefnisstjórn vegna starfsmenntamála VMSÍ

Aðalm. Ágúst H. Elíasson, SF
Aðalm. Halldór Frimannsson, VÍS
Varam. Ingi Bogi Bogason, SI
Varam. Ragnar Árnason, SA

Verkefnisstjórn vegna starfsmenntamála Flóabandalagsins

Aðalm. Einar Marinósson, starfsmannastj. OLÍS hf.
Aðalm. Gissur Pétursson, forstj. Vinnumála-
stofnunar
Varam. Ragnar Árnason, SA
Varam. Hannes G. Sigurðsson, SA

Verkefnisstjórn vegna 5 ára átaks um símenntun

Aðalm. Jónína Gissurardóttir, SA

Vika símenntunar 2001

Jónína Gissurardóttir

Stýrimannaskólinn – skólanefnd

Aðalm. Haukur Már Stefánsson, Eimskip hf.
Varam. Ólafur Briem, Skipatækni hf.

Vélskóli Íslands – skólanefnd

Aðalm. Guðfinnur Johnsen, LÍÚ
Aðalm. Kristján Ólafsson, Samskip hf.
Varam. Ólafur Briem, Skipatækni hf.

Samvinnuskólinn á Bifröst – skólanefnd

Aðalm. Ármann Þorvaldsson, Kaupping hf.
Aðalm. Tryggvi Jónsson, Baugur hf.
Varam. Tómas Hansson, Íslandsbanki – FBA
Varam. Ólafur Ólafsson, Samskip hf.

Starfsfræðslunefnd fiskvinnslunnar

Ágúst H. Elíasson, SF
Svavar Svavarsson, Grandi hf.

Starfsfræðslunefnd fyrir iðnverkafólk

Davíð Stefánsson, Vefur ehf.

Stjórn verkstjóranámskeiða

Aðalm. Ingólfur Sverrisson, SI
Varam. Ragnar Árnason, SA

Samstarfsnefnd um starfsnám á framhaldsskólastigi

Aðalm. Ágúst H. Elíasson, SF
Aðalm. Guðbrandur Magnússon, Morgunblaðið
Aðalm. Heiðrún Jónsdóttir, Landssíminn
Aðalm. Ingi Bogi Bogason, SI
Aðalm. Róbert Trausti Árnason, Keflavíkurverktakar hf.
Aðalm. Steinar Davíðsson, Salatbar Eika
Varam. Erna Hauksdóttir, SAF
Varam. Guttormur Pálsson, Meistarafél. iðnaðarm.
í Hafnarfirði
Varam. Ingólfur Sverrisson, SI
Varam. Ólafur Steingrímsson, Prentsm. Oddi hf.
Varam. Svavar Svavarsson, Grandi hf.
Varam. Þorlákur Björnsson, Orkuveitan

Starfsgreinaráð menntamálaráðuneytis

SA skipar 37 aðalmenn og varamenn þeirra í eftirtalin 14 starfsgreinaráð:

Byggingar og mannvirkjagerð
Farartækja- og flutningsgreinar
Heilbrigðis- og félagsþjónusta
Hönnun, listir, handverk
Matvæla- og veitingagreinar
Mál-, véltækni- og framleiðslugreinar
Náttúrunýting
Persónuleg þjónusta

Rafiðngreinar

Sjávarútvegs- og siglingagreinar
Uppeldis- og tómstundagreinar
Upplýsinga- og fjölmiðlagreinar
Verslunar- og skrifstofustörf
Öryggisvarsla, björgun og löggæsla

Námskeiðsnefnd um starfsmenntun í fiskvinnslu

Ágúst H. Elíasson, SF
Svavar Svavarsson, Grandi hf.

Ráðgjafarnefnd Evrópusambandsins um starfsþjálfun

Kristófer M. Kristinsson, EA

Stjórn landsskrifstofu Leonárdó II – áætlunar Evrópu-sambandsins um verknám, starfsþjálfun og símenntun

Aðalm. Ingi Bogi Bogason, SI
Varam. Davíð Stefánsson, Vefur ehf.

Vinnuhópur um starfsmenntunaráttak í Vestmannaeyjum

Arnar Sigurmundsson, SF



ÚTGÁFA, KYNNING OG FRÆÐSLA

11.1 VEFUR SA

Vefur SA, www.sa.is, gegnir mikilvægu hlutverki í upplýsingamiðlun samtakanna og í samskiptum við félagsmenn. Á vefnum er mikið safn upplýsinga og eru síðurnar alls á annað þúsund talsins. Auk hefðbundinna upplýsinga um samtökin, svo sem um samþykktir, skipulag og starfsemi, er þar að finna margvíslegar upplýsingar fyrir atvinnulífð. Má þar nefna kjaramál, fréttir sem tengjast atvinnulífni og upplýsingar um Evrópumálefni. Allt starfsárið hefur verið unnið að áframhaldandi uppsetningu og viðhaldi á vef SA og hefur Vefur ehf. veitt tæknilega ráðgjöf og aðstoð. Fyrir dyrum stendur umfangsmikil uppfærsla á vinnumarkaðsvefnum og mun hann að stórum hluta verða lokaður öðrum en félagsmönnum SA.

Rafrænt fréttabréf SA

Nýtt rafrænt fréttabréf SA, *Af vettvangi*, hóf göngu sína í desember 2000. Fréttabréfið samanstendur að stærstum hluta af stuttum fréttum, en hægt er að nálgast ítarlegri umfjöllun um hvert mál á vef SA með einum músarsmelli. Þannig þjófnar fréttabréfið öðrum þræði því hlutverki að minna á vefinn og það mikilvæga hlutverk sem hann gegnir í upplýsingamiðlun samtakanna og samskiptum við félagsmenn. Jafnframt er fréttabréfið nýtt til að koma sjónarmiðum og skoðunum SA á framfæri. Fréttabréfið er sent út reglulega fyrsta fimmtudag hvers mánaðar, en oftast ef þurfa þykir. Hægt er að gerast áskrifandi að fréttabréfinu og fá það sent í tölvupósti.

11.2. PRENTÚTGÁFA

Kaupgjaldsskrá SA

Í tilefni af nýjum kjarasamningum og áfangahækkun launa var gefin út kaupgjaldsskrá SA nr. 2, sem gildir frá 1. janúar 2001. Kaupgjaldsskráin er einnig aðgengileg á kjaramálavef SA.

Útgefnið kjarasamningar

Kjarasamningar SA sem gilda fyrir fleiri en eitt fyrirtæki eru gefnir út í bókformi af samtökunum og sendir aðildarfyrirtækjum þeim að kostnaðarlausu. Þeir eru jafnframt aðgengilegir á kjaramálavef SA. Á starfsárinu hafa verið gefnir út eftirtaldir samningar:

- Samningur 2000 – 2003 milli SA og VMSÍ (Starfsgreinasambandsins), vegna aðildarfélaga, annarra en Eflingar, Hlífar og VSFK.
- Greiðasölusamningur SA og VMSÍ (Starfsgreinasambandsins) 2000 – 2003, vegna aðildarfélaga, annarra en Eflingar, Hlífar og VSFK.
- Samningur 2000 – 2004 milli SA og Félags hársnyrtisveina.
- Samningur 2000 – 2004 milli SA og SART annars vegar og RSÍ hins vegar.
- Virkjunarsamningur 2000 – 2004 milli Landsvirkjunar og SA vegna aðildarfyrirtækja annars vegar, og ASÍ, VMSÍ, Samiðnar og RSÍ hins vegar.



- Samningur 2000 – 2004 milli SA og Verkstjórasmabands Íslands.

Ofangreindir samningar bætast við þá sem þegar höfðu verið gefnir út:



- Samningur 2000 – 2004 milli SA og Samiðnar
- Samningur 2000 – 2004 milli SA og VR / LÍV

Á næstu vikum og mánuðum mun prentun fleiri samninga líta dagsins ljós.

Áherslur atvinnulífsins

Í tengslum við aðalfund SA í maí kom út ritið *Áherslur atvinnulífsins*, þar sem greint er frá áherslum stjórnsamtakanna í átta málaflokkum sem verða





starfsumhverfi fyrirtækjanna. Fjallað er um efna-hags-, skatta-, vinnumarkaðs-, mennta-, umhverf-is-, Evrópu-, jafnréttis- og lífeyrismál, út frá sjónar-horni samkeppnishæfra starfsskilyrða íslensks at-vinnulífs í alþjóðlegri samkeppni. Drög að áherslum stjórnar voru lögð í málefnavarfi SA sem fjallað er um í kafla 12.

Skýrsla skattahóps SA

Í maí kom út skýrsla skattahóps SA þar sem farið er ítarlega yfir brýnustu atriðin í skattalegu rekstrar-umhverfi fyrirtækjanna og sjónunum m.a. beint að lækun tekjuskattshlutfallsins og afnámi eignar-skatta og stimpilgjalda. Í umfjöllun um málefnavarfi SA í 12. kafla má sjá skipan skattahóps SA.

Umhverfi til nýsköpunar á Íslandi

Samtök atvinnulífsins standa að útgáfu ritsins *Umhverfi til nýsköpunar á Íslandi*. Ritið er gefið út í samvinnu við Nýsköpunarsjóð og Deloitte & Touche Ráðgjöf og er hugmyndin að það komi út á nokkurra ára fresti. Í ritinu er fjallað um þann jarð-veg sem frumlegar hugmyndir í viðskiptum falla í hér á landi. Rætt var við nokkra frumkvöðla og við-horf almennings til nýsköpunar kannað. Fram kom að tæp 40% Íslendinga hafa hugleitt að stofna fyr-irtæki sjálfir eða í félagi við aðra.

11.3. MÁLPING SA UM EVRÓPU-VINNURÉTT OG JAFNRÉTTIS-LÖGGJÖF

Í samvinnu við Norrænu ráðherranefndina efndi SA til málþings um Evrópuvinnurétt og jafnréttislöggjöf dagana 9.-10. mars. 2001 með viðamikilli dagskrá. Undirtektir voru mjög góðar. Málþingið sóttu alls rúmlega eitt hundrað manns, lögmenn, dómarar og aðrir lögfræðingar, starfsmannastjórar og fulltrúar stéttarféлага. Auk yfirlits yfir vinnuréttarreglur Evrópuréttarins var eitt helsta umfjöllunarefnið áhrif

hans á norrænan og íslenskan vinnurétt en eins og fram kom í setningarávarpi Ara Edwald, framkvæmdastjóra SA, á stöðugt stærri hluti af starfs-umhverfi íslensks atvinnulífs rætur að rekja til Evrópusamstarfsins. Sem dæmi má nefna reglur um foreldraorlof, hópuppsagnir, samráð við starfsmenn og réttarstöðu við aðilaskipti að fyrirtækjum. Stað-an er svipuð að þessu leyti á öðrum Norðurlöndum, nema hvað íslenskur vinnuréttur er að sumu leyti sveigjanlegri en þar gerist.

Norræna réttarkerfið

Birgitta Nyström, prófessor við Háskólann í Lundi, fjallaði meðal annars um áhrif þau sem Evrópu-vinnurétturinn hefur haft á heimildir aðila vinnumark-aðarins. Niklas Bruun prófessor við Handelshögskolan í Helsinki talaði um norræna réttarkerfið í ljósi þeirra breytinga sem nú eiga sér stað. Hann benti m.a. á að í gegn um þríhliða samvinnu stéttarféлага, vinnuveitenda og ríkis hafi stéttarfélagin verið þátt-takendur í ákvörðunum ríkisins og mörkun vinnu-markaðsstefnunnar og velferðarkerfisins. Norræna vandamálið sé að aðlagast nýju hlutverki ríkisins í alþjóðlegu umhverfi. Norræn fyrirtæki hafi fjárfest mik-ið erlendis og sameinast eða tekið upp samvinnu við erlend fyrirtæki. Evran hafi líka sýnt að Evrópsk samþjöppun sé óhjákvæmileg. Slíkar breytingar hafi áhrif á starfsmenn og ráðningarkjör þeirra. Það hafi líka áhrif hvernig stóru fyrirtækin haga kjarasamn-ingum í heimalandi sínu. Samhliða þessu hafi Norð-urlöndin þurft að aðlaga sig félagsmálagöggjöf ESB sem hafi falið í sér viss kerfisleg vandamál.

Viðhalda þarf sveigjanleika á íslenskum vinnumarkaði

Sigurður Línal prófessor fjallaði um áhrif Evrópu-reglna á íslenskan vinnurétt og sérstöðu hans. Taldi hann þær hafa gert stöðu starfsmanna að ýmsu leyti tryggari jafnframt því sem stjórnunarréttur fyrir-





tækjanna hafi verið skertur, upplýsingaskylda stóru-
aukin og formkröfur hertar. Fyrir þjóðfélagið í heild
yrði afleiðingin ósveigjanlegri vinnumarkaður sem sé
verulegur ókostur í litlu og sveiflukenndu hagkerfi.
Þetta kunni að draga úr samkeppnishæfni fyrirtækja
og ef til vill um siðir bitna á launþegum. Þórarinn V.
Þórarinnsson, forstjóri Landssímans, lagði áherslu á
sveigjanleikann og snerpuna í íslensku samfélagi. Ís-
lenskt efnahagslíf hefði notið þess að hér hefði ríkt
skilningur á mikilvægi þess að viðhalda sveigjanleik-
anum. Takmörkun á rétti fyrirtækja til að segja upp
starfsfólki, þ.e. aðlaga starfsmannafjölda sinn að
aðstæðum fyrirtækisins, gæti fækkað störfum í stað
þess að fjölga þeim. Fyrirtæki legðu þá siður út í
fjölgun starfsfólks til að bregðast við skyndilegum
breytingum, ef erfitt væri að skera aftur niður í starfs-
mannafjölda. Þórarinn lagði áherslu á að ekkert gæti
tryggt atvinnuöryggi fólks nema heilbriggt atvinnulíf.
Boð og bönn tryggðu ekki störf. Þess vegna yrði að
viðhalda sveigjanleika á íslenskum vinnumarkaði. Ari
Edwald vék einnig að mikilvægi sveigjanleikans og
taldi hann vera mikið verðmæti fyrir þjóðarþúið og
hefði átt mikinn þátt í því lága atvinnuleysisstigi,
hreyfanleika og vexti, sem hér hefði verið, miðað við
mörg Evrópulönd. Óhóflegar takmarkanir á breyt-
ingum í atvinnurekstrinum og á því að hægt væri að
segja upp starfsmönnum gætu hæglega orðið
bjarnargreiði við launafólk og komið í veg fyrir að ný
störf yrðu til. „Stjórnendur þora þá t.d. ekki að ráða
nýtt fólk vegna aukinna verkefna sem kynnu að vera
tímabundin“, sagði Ari. Skiptar skoðanir voru hins
vegar í umræðum á málþinginu um ágæti mikils
sveigjanleika og um hversu „ósveigjanlegur“ íslenski
sveigjanleikinn væri orðinn.

Reglur um aðilaskipti að fyrirtækjum, viður- lög og eftirlit

Hrafnhildur Stefánsdóttir, yfirlögfræðingur SA, fjall-
aði um beitingu laga um réttarstöðu starfsmanna
sem fela í sér að nýr vinnuveitandi tekur við öllum
réttindum og skyldum fyrri vinnuveitanda gagnvart
starfsmönnum, þar með talið ráðningarkjörum
samkvæmt kjarasamningi, og takmarka jafnframt
rétt vinnuveitanda til uppsagna starfsmanna. Stef-
án Már Stefánsson prófessor fjallaði um lögfestingu
tilskipana í ljósi viðurlagakrafna Evrópuréttarins en
með tilvísan til þeirra hafa sektarákvæði verið tekin
upp í lög við lögfestingu Evrópureglna hér á landi.
Jónas Friðrik Jónsson, framkvæmdastjóri hjá Eftir-
litsstofnun EFTA fjallaði síðan um Evrópuvinnurétt í
ljósi eftirlitsþátta EES-samningsins.

Jafnrétti kynjanna er hagsmunamál atvinnulífsins

Seinni dagur málþingsins var alfarið helgaður um-
fjöllun um jafnréttislöggjöfina. Sá þáttur var jafn-
framt framlag SA til ráðstefnunnar Konur og
lýðræði. Dagurinn hófst með fræðilegri umfjöllun
um íslenska og evrópska jafnréttislöggjöf en síðan
tók við umfjöllun um framkvæmdina í fyrirtækjum.
Finnur Geirsson, formaður SA, benti í ávarpi sínu á



að fyrirtækin þurfa á sem hæfustu starfsfólki að
halda og að jöfn tækifæri kynjanna eru því hags-
munamál atvinnulífsins.

Jafnréttislöggjöfin



Berglind Ásgeirsdóttir, ráðuneytisstjóri í félagsmála-
ráðuneyti, fjallaði um meginreglur jafnréttislaganna
og lagaþróunina hér á landi en Evrópurétturinn hef-
ur haft mikil áhrif á hana. Ruth Nielsen, prófessor
við Handelshøjskolen í Kaupmannahöfn, gerði
sönnunarbyrði í jafnréttismálum að umtalsefni en
um þær gildir sérstök Evróputilskipun. Andri Árna-
son hrl., formaður Kærunefndar jafnréttismála, fjall-
aði um beitingu meginreglunnar um jöfn laun þeg-
ar kjör starfsmanna í sömu störfum ákvarðast af
mismunandi kjarasamningum. Fram kom hjá hon-
um að mismunandi kjarasamningar réttlæti ekki
einir og sér mismunandi launakjör karla og kvenna
fyrir sömu og sambærileg störf hjá sama vinnuveit-
anda. Starfsmaður sem sýnir fram á mismun í
greiddum launum fyrir sambærilegt vinnuframlag
starfsmanns af gagnstæðu kyni, snýr í flestum til-
vikum sönnunarbyrði við, þannig að vinnuveitandi
þarf að sýna fram á að önnur hlutlæg atriði hafi ráð-
ið mismunandi kjörum viðkomandi starfsmanna. Í
því sambandi þarf vinnuveitandi t.d. að sýna fram á,
líð fyrir líð, að kjarasamningar feli í sér sambær-
ileg heildarkjör, og virðast gerðar nokkuð strangar
kröfur til vinnuveitenda að þessu leyti. Ef kja-
rasamningar eru ógagnsæir og erfiðir í samanburði er
líklegt að vinnuveitandinn beri halla af því að sam-
anburður er ekki tækur.

Reynsla fyrirtækja

Undir fyrirsögninni Reynsla fyrirtækja og stéttarfé-
laga af framkvæmd jafnréttislaga var fjallað um jafn-
réttisáætlanir, hvað fyrirtæki gera til að gæta sam-
ræmis í launasetningu, samræmingu vinnu og fjöl-
skyldulífs og aðgerðir til að koma í veg fyrir kynferð-
islega áreitni og einelti. Frummælendur voru Elfar
Rúnarsson, Íslandsbanka–FBA, Rebekka Ingvars-
dóttir, Skeljungu, Jón Scheving-Thorsteinsson,
Baugi og Guðmundur B. Ólafsson, Verzlunar-
mannafélagi Reykjavíkur.

Erindin á vef SA

Erindi málþingsins má nálgast á vef SA, www.sa.is.



REKSTUR SAMTAKANNA, INNRA STARF OG SKIPULAG



12.1. STÖRF ÁRSFUNDAR

Ársfundur Samtaka atvinnulífsins var haldinn að Hótel Sögu miðvikudaginn 11. október 2000. Formaður SA, Finnur Geirsson, setti fundinn og var Valur Valsson, forstjóri Íslandsbanka-FBA hf., kjörinn fundarstjóri og tilnefndi hann Ragnar Árnason sem fundarritara. Var síðan gengið til dagskrár sem hófst með ræðu Finns Geirssonar, formanns SA. Finnur gerði nýgerða kjarasamninga að umtalsefni, lagði áherslu á nauðsyn stöðugs rekstrarumhverfis og samkeppnishæfni Íslands. Hann fjallaði einnig um skattaumhverfið á Íslandi, vaxta- og gengismál, framleiðni og aðra þætti sem snúa að íslenskum fyrirtækjum. Þá var komið að ávarpi forsætisráðherra, Davíðs Oddssonar. Davíð lagði áherslu á að aukin framleiðni væri ávisun á hagsæld og sagði það vera mikilvægt hlutverk ríkisins að búa fyrirtækjum hagkvæmt starfsumhverfi. Þótt verðbólga hafi verið óviðunandi síðustu misseri væru aðrir þættir jákvæðir, t.d. væri hagvöxtur með því hæsta sem gerðist. Davíð taldi að bregðast þyrfti alvarlega við viðskiptahallanum.

Nicholas Vanston, forstöðumaður rannsóknarsviðs hagfræðideildar OECD, flutti ræðu um nýja hagkerfið og bar erindi hans heitið „Áhrif upplýsinga- og fjarskiptatækni á hagvöxt“. Hann gerði grein fyrir helstu einkennum hagkerfa í OECD ríkjunum og taldi að Ísland hefði flest einkenni „nýja hagkerfisins“, að verðbólgu undanskilinni. Vanston fór sérstaklega í þróun mála í Bandaríkjunum, þar sem hagvöxtur hafði aukist mikið og haldist, á meðan hagvöxtur í Japan hafði verið á niðurlæði.

Pórður Friðjónsson, forstjóri Þjóðhagsstofnunar, og Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri SA, fluttu því næst stutt erindi um nýja hagkerfið. Í erindi Pórðar, sem bar yfirskriftina „Nýja hagkerfið og íslenskt efnahagslíf“ var m.a. gerð grein fyrir á hvaða sviðum mesta framleiðniukningin hafi orðið. Í erindi sínu, „Nýja hagkerfið, nýir viðskiptahættir“, fjallaði Hannes um Netið sem mikilvægan þátt hins nýja hagkerfis og könnun SA á notkun Netsins í viðskiptum íslenskra fyrirtækja.

Að loknum erindum hófust almenn fundarstörf. Ari Edwald, framkvæmdastjóri SA, fjallaði í stuttu

máli um starfsemi samtakanna á fyrsta starfsári og hvaða árangri hafi verið náð. Ari gerði einnig grein fyrir ársreikningum SA vegna rekstrar- og vinnudeilusjóðs.

Fundarstjóri bar þá upp tillögu að ályktun ársfundar og var hún samþykkt samhljóða.

Ályktun ársfundar SA 11. október 2000

Samtök atvinnulífsins telja að á næstu mánuðum ráðist hvort tekst að tryggja stöðugt rekstrarumhverfi og jafnvægi í efnahagslífinu til næstu ára. Góð starfsskilyrði eru forsenda þess að fyrirtæki geti aukið samkeppnishæfni sína og nýtt sér tækifæri alþjóðlegs viðskiptalífs til þess að treysta undirstöður varanlegra kjarabóta, öllum til handa. Hraðfara breytingar eiga sér stað í alþjóðlegu starfsumhverfi íslenskra fyrirtækja og jafnt þjóðin sem stjórnvöld og stjórnendur í atvinnulífi þurfa að vera vakandi fyrir þessum umbreytingum.

Framundan eru mikilvægar ákvarðanir í ríkisfjármálum og kjaramálum sem taka þurfa mið af versnandi samkeppnisstöðu, dvínandi hagvexti og þenslunni í efnahagslífinu um þessar mundir. Verði farsælega að verki staðið hefur verið rudd braut fyrir nýjan áratug framfara og bættra lífskjara og sneitt hjá ögöngum á borð við hrúnið í kjölfar uppsveiflunnar fyrir rúmum áratug. Allir ættu að sameinast um að búa þannig í hagin fyrir bætt lífsskjör án skaðlegra átaka á vinnumarkaði.

Kjarasamningarnir síðastliðaðir voru mikilvæg og nauðsynlegt skref í átt að varanlegum stöðugleika. Í aðdraganda kjarasamninga var stöðugt verðlag og gengi íslensku krónunnar í nokkurri óvissu vegna ofhnitunar í efnahagslífinu, umfram eftirspurnar og viðskiptahalla. Launahækkunin hér á landi hófðu farið langt fram úr launahækkunum víðast hvar erlendis og fyrirsjáanlegt var að fyrirtækin gætu ekki staðið áfram undir slíkum kauphækkunum. Kjarasamningarnir tóku mið af þessum aðstæðum og niðurstaða fékkst án verulegra átaka. Talsverðar kostnaðarhækkunir á fyrsta ári samninganna þóttu réttlætanagerar í ljósi 3_ til 4 ára samningstíma.

Markmiðið var að stuðla að mjúkri lendingu eftir uppsveiflu og þenslu og búa í hagin fyrir nýtt vaxarskeið. Þetta framlag samningsaðila til að skapa starfsfrið og treysta kaupmátt hrekkur þó skammt ef aðrir aðilar vinna ekki að sama marki. Fram til þessa hefur markaðri launastefnu verið fylgt og munur á verðbólgu hér á landi og í viðskiptalöndunum hefur minnkað verulega á undangengnum mánuðum. Mikið er undir því komið að samstillingin á launamarkaði verði ekki rofin á næstunni og kjarasamningar miðist áfram við stöðugleika og stíglækkandi verðbólgu. Ólokið er mikilvægum samningum á almenna markaðinum og samningum opinberra starfsmanna. Ef kostnaði við komandi kjarasamninga verður haldið innan þess ramma sem markaður var síðastliðaður er mun líklegur en ella að verðbólgu markmiðin standist og verðbólgan verði á svipuðu stigi og í viðskiptalöndunum á næstu miss-





erum. Verði kjarasamningum á hinn bóginn stefnt í uppnám í vetur gæti ofþensla og óstöðugleiki orðið viðvarandi vandamál sem ylli versnandi framtíðarhorfum fyrir atvinnulífið og heimilin í landinu.

Flest bendir til að unnt sé að endurnýja stöðugleikann sem varð íslenskum fyrirtækjum svo góð viðspyrna á síðasta áratug, ef rétt verður á málum haldið. Mælingar sýna nú minni verðbólguhraða og ýmis teikn benda til þess að þenslan sé í rénun. Fjárlagafrumvarpið vekur einnig vonir um að opinber fjármál veiti efnahagslífinu umtalsvert aðhald. Aðhaldsstig ríkisfjármála er ívið hærra samkvæmt frumvarpinu en áætluð útkoma á þessu ári, en nú er enn brynna en áður að útgjaldahlíð frumvarpsins verði ekki hækkuð í meðförum Alþingis þar sem minni líkur en áður eru á því að tekjur muni aukast umfram áætlanir á næsta ári. Lækkun á gengi krónunnar frá hámarks genginu fyrr á árinu gerir aðhaldshlutverk ríkisfjármálanna enn mikilvægara en áður.

Samtök atvinnulífsins hvetja stjórnvöld og almenning til þess að hafa í huga að samkeppnisstaða íslenskra fyrirtækja hefur versnað á síðustu misserum. Kostnaður atvinnulífsins á Íslandi hefur vaxið hraðar en keppinauta í samkeppnislöndum okkar, hagnaður hefur minnkað umtalsvert og meira hefur verið tekið til skipta en nemur aukningu verðmætasköpunar. Vöxtur síðustu missera virðist hafa stuðst í mun meira mæli en æskilegt er við vaxandi vinnuafslóttun í stað framleiðni aukningar.

Stöðugt rekstrarumhverfi og jafnvægi í efnahagslífi eru fyrirtækjum nauðsyn til þess að geta lagað sig að nýju hagkerfi og staðið sig í alþjóðlegri samkeppni. Á næstu árum er líklegt að athygli beinist ekki síður að öðrum þáttum sem varða samkeppnisstöðu fyrirtækja miklu svo sem skattaumhverfi, fjármálaþjónustu og vöxtum, ástandi samgöngu- og fjarskiptamála, almennu tæknistigi,

rannsóknunum og þróunarstarfsemi, menntun og möguleikum starfsmanna til samhæfingar starfs og fjölskyldulífs.

Samtök atvinnulífsins leggja sérstaka áherslu á eftirtalin atriði:

- Að Alþingi hviki ekki frá markmiðum fjárlagafrumvarpsins um aðhald að ríkisútgjöldum.
- Að ráðstafanir opinberra aðila og einkaaðila beinist að því að auka framleiðni og leysa núverandi verkefni með færri starfsmönnum. Aðgerðir stjórnvalda á sviði einkavæðingar gegna hér mikilvægu hlutverki.
- Haldið verði fast við þá stefnu um kostnaðarhækkanir sem mörkuð var í almennu kjarasamningunum síðstliðið vor.
- Fagnað er fyrirætlunum stjórnvalda um að nota tækifæri þegar aðstæður skapast til að samræma skattareglur og starfsskilyrði fyrirtækja því sem gerist í viðskiptalöndunum. Hóflægir skattar á fyrirtæki og starfsfólk skipta höfuðmáli fyrir samkeppnisstöðu þjóða.

12.2. STÖRF FRAMKVÆMDA-STJÓRNAR

Framkvæmdastjórn SA er skipuð formanni og varaformanni ásamt fimm mönnum sem stjórnin kys úr hópi stjórnarmanna. Framkvæmdastjóri situr einnig fundina. Framkvæmdastjórn stýrir starfsemi SA í samræmi við stefnumörkun stjórnar.

Framkvæmdastjórnin fundaði að jafnaði mánaðarlega frá ársfundi SA í október sl. fram til aðalfundarins í maí 2001. Meðal helstu málaflókka sem til umfjöllunar voru má nefna stefnumótun SA og markmiðssetningu, málefnaþarf og skipan málefnaefnda, húsnæðismál samtakanna og aðildarfélaga, lífeyrismál, skipun í stjórnir þeirra og reglur

Hús atvinnulífsins rís við Borgartún

Samtök atvinnulífsins og aðildarfélög þeirra flytja saman í nýtt húsnæði við Borgartún 35 vorið 2002. Flutningurinn er liður í þeirri þróun til einföldunar og hagræðingar í félagakerfi atvinnulífsins sem hófst með stofnun SA í september 1999.

Meginmarkmið þeirra skipulagsbreytinga voru að ná fram öflugri málsvara atvinnulífsins alls og bættri þjónustu við aðildarfyrirtækin í krafti aukins samstarfs og sérhæfingar, einfaldara skipulags og þeirrar auknu hagvæmni sem samstarfinu fylgir. Sameiginlegt húsnæði á besta stað í borginni gegnir lykilhlutverki í þessu sambandi.

Stærð nýja hússins verður alls 3.521 fermetri á fimm hæðum auk kjallara og þakhæðar. Samtals munu SA og aðildarfélög þess nýta um 2.200 fermetra undir starfsemi sína, hvar af um 330 fermetrar verða sameign á 1. hæð og í kjallara. Aðrir hlutar hússins verða leigðir út til annarrar starfsemi, þ.á m. öll 1. hæðin utan sameignar. Fyrir flutninginn nemur húsnæði SA og aðildarfélaga þess samtals ríflega 3.000 fermetrum, að meðtöldu húsnæði Vinnumálasambandsins, en við stofnun SA var starfsemi þess og VSI sameinuð þar sem áður var húsnæði VSI við Garðastræti.

SA munu kaupa fimmtu hæðina eða 555,1 fermetra, auk 105,5 fermetra hlutdeildar í sameign á 1. hæð og í kjallara. Núverandi húsnæði SA í Garðastræti 41 er um 1000 fermetrar að stærð. Til athugunar er að Samtök fjármálafyrirtækja leigi aðstöðu af SA á 5. hæð. Skrifstofur Samtaka iðnaðarins verða á 4. hæð, á 3. hæðinni skrifstofur Landssambands íslenskra útvegsmanna, Samtaka fiskvinnslustöðva og Samtaka ferðaþjónustunnar, og SVP-Samtök verslunar og þjónustu og samtök atvinnurekenda í raf- og tölvuiðnaði verða á hluta 2. hæðar, en annar hluti hennar verður leigður út til annarrar starfsemi. Vinnudeilusjóður SA kaupir þá hluta fasteignarinnar sem SA og aðildarfélög kaupa ekki og ætlaður er til útleigu. Hefur vinnudeilusjóður m.a. stofnað sérstakt hlutafélag af því tilefni. Gert er ráð fyrir að veitingasalur verði á inndreginni þakhæð, sem er 6. hæð hússins.

Húsið er keypt tilbúið af Herði Jónssyni byggingaverktaka og Guðni Pálsson arkitekt hannaði húsið. Afhending er ráðgerð fyrir 1. apríl 2002. Fyrstu skóflustunguna að húsinu tók Hildur Guðmundsdóttir þann 21. febrúar 2001. Hildur er ekkja Ólafs B. Ólafssonar, fyrrverandi formanns Vinnuveitendasambands Íslands, en Ólafur var formaður undirbúningshóps að stofnun SA.



par um. Þá voru kjaramál reglulega til umfjöllunar enda voru samtökin í á þriðja tug samningaviðræðna á tímabilinu.

12.3. STÖRF STJÓRNAR

Fyrstu stjórn SA, sem skipuð var á stofnfundi SA í september 1999, var samkvæmt stofnsamþykkt ætlað að sitja fram að aðalfundi SA í maí 2001. Því fór ekki fram kosning formanns eða stjórnar á ársfundi SA árið 2000. Frá ársfundi í október sl. hefur stjórn SA haldið fimm formlega fundi og mótað stefnu og megináherslur í starfsemi samtakanna. Til umfjöllunar á fundum stjórnar hafa efnahags- og kjaramál verið umfangsmikil, einnig stefnumótun og skipulag SA og húsnæðismál samtakanna.

12.4. FUNDIR FRAMKVÆMDA-STJÓRA AÐILDARFÉLAGA SA

Framkvæmdastjóri SA og framkvæmdastjórar aðildarfélaganna sjö hittast fyrsta mánudag hvers mánaðar á formlegum fundum. Eins og nærri má geta hefur ítarlega verið fjallað um byggingu nýs húsnæðis fyrir samtökin, skiptingu þess innan samtakanna og ýmsar útfærslur sem taka þarf ákvarðanir um í svo stóru máli sem þessu. Meðal annarra umfjöllunarefna á fundunum má nefna reglur um innheimtu á félagsgjöldum, sameiginleg hugbúnaðar- og tölvumál innan samtakanna og kjaramál.

12.5. MÁLEFNASTARF SA

Á tímabilinu janúar til apríl 2001 fór fram kraftmikið málefnnastarf á vegum SA, þar sem lögð voru drög að áherslum stjórnar samtakanna í alls átta málaflokkum sem varða starfsskilyrði í íslensku atvinnulífi og gefin hafa verið út í *Áherslum atvinnulífsins* (sjá 11. kafla). Málefnnastarf SA heldur áfram en alls tóku um eitt hundrað manns þátt í þessu starfi sem unnið var í átta málefnaþópum. Var þar að finna fulltrúa tilnefnda af SA eða aðildarsamtökunum, fulltrúa einstakra fyrirtækja o.fl. Á vef SA gátu einstakir starfsmenn aðildarfyrirtækja skráð sig í starfið, sem nokkrir áhugasamir aðilar gerðu. Þá heimsótti fundi hópanna fjöldi sérfræðinga úr atvinnulífi, háskólum og stjórnsýslu. Í hópunum störfuðu:

Efnahagsmál:

- Hannes G. Sigurðsson, formaður SA
- Arnar Sigurmundsson, Samfrost
- Helgi Magnússon, Harpa
- Ingólfur Bender, Íslandsbanki-FBA
- Jón Scheving Thorsteinsson, Baugur
- Margeir Pétursson, MP verðbréf
- Sveinn Hjörtur Hjartarson, LÍÚ
- Þorsteinn Þorgeirsson, SI
- Sigurður Jóhannesson, ritari, SA

Skattamál:

- Guðjón Rúnarsson, formaður, Samtök fjármálafyrirtækja
- Auður Þórisdóttir, Íslandsbanki-FBA
- Árni Harðarson, Deloitte & Touche

- Bryndís Kristjánsdóttir, Fjárfrend-Verðbréf
- Friðrik J. Arngrímsson, LÍÚ
- Helga Hlín Hákonardóttir, Íslandsbanki-FBA
- Helgi Sigurðsson, Kaupþing
- Kristján Gunnar Valdimarsson, Búnaðarbankinn
- Sigurður Viggósson, Oddi
- Sævar Helgason, Íslensk verðbréf
- Vilhjálmur Jónsson, Ölgerðin
- Þorsteinn Þorgeirsson, Samtök iðnaðarins
- Bernhard Bogason, ritari, KPMG
- Vala Valtýsdóttir, ritari, KPMG

Vinnumarkaðsmál:

- Ragnar Árnason, formaður, SA
- Atli Atlason, Búnaðarbankinn
- Ágúst H. Elíasson, SF
- Ásta Bjarnadóttir, Íslensk erfðagreining
- Gylfi Dalmann, IMG/Háskóli Íslands
- Hrafnhildur Stefánsdóttir, SA
- Ingibjörg Ólafsdóttir, Radisson SAS Hótel Saga
- Jónas Hvannberg, Kaupþing
- Ólafur Helgi Árnason, SI
- Ólafur Jón Ingólfsson, Sjóvá-Almennar
- Róbert Trausti Árnason, Keflavíkurverktakar
- Sigurður Ólason, VÍS
- Steinþór Þórðarson, Baugur
- Ásta Steinsdóttir, ritari, SA

Menntamál:

- Ingi Bogi Bogason, formaður, SI
- Agnar Hansson, Háskólinn í Reykjavík
- Ágúst H. Elíasson, SF
- Davíð Stefánsson, Vefur
- Emil B. Karlsson, SVP
- Erna Hauksdóttir, SAF
- Guðfinnur G. Johnsen, LÍÚ
- Guðrún Ragnarsdóttir, Íslandsbanki-FBA
- Hildur Elin Vignir, IMG
- Jón Árni Rúnarsson, Rafiðnaðarskólinn
- Jón Sigurðsson, Verslunarráð
- Runólfur Ágústsson, Viðskiptaháskólinn Bifröst
- Jónína Gissurardóttir, ritari, SA

Umhverfismál:

- Óskar Mariusson, formaður, SA
- Ásbjörn Einarsson, Mjöll
- Guðný Björnsdóttir, Sjóvá-Almennar
- Ingvi I. Ingason, Rafha
- Jón Ingimarsson, Íslandsbanki-FBA
- Jón Ólafsson, SIT
- Kristján Þórarinnsson, LÍÚ
- Ólafur Jónsson, Skeljungur
- Ólafur Kjartansson, SI
- Pétur Már Jónsson, VÍS
- Ragnheiður Ólafsdóttir, Landsvirkjun
- Sigrún Pálsdóttir, Íslenska járnblendifélagið
- Sigurður Briem, ÍSAL
- Þorleifur Þór Jónsson, SAF
- Ásta Steinsdóttir, ritari, SA



Jafnréttismál:

- Hrafnhildur Stefánsdóttir, formaður, SA
- Elín Hlíf Helgadóttir, Ferðaskrifstofa Íslands
- Elfar Rúnarsson, Íslandsbanki-FBA
- Ellert Kristinsson, Sigurður Ágústsson hf.
- Gunnar Guðnason, LÍÚ
- Heiðrún Jónsdóttir, KEA
- Hjördís Ásberg, Eimskip
- Jóhannes S. Rúnarsson, Síminn
- Jón Ásgeirsson, ÍSAL
- Kristín Rafnar, Landsbankinn
- Ólafur Jón Ingólfsson, Sjóvá-Almennar
- Rebekka Ingvarsdóttir, Skeljungur
- Sigurður Ólason, VÍS
- Svavar Svavarsson, Grandi
- Una Eyþórsdóttir, Flugleiðir
- Valka Jónsdóttir, ÍSAL
- Ylfa Edit Jakobsdóttir, Marel
- Arndís Arnardóttir, ritari, SA

Lífeyrismál:

- Ari Edwald, formaður, SA
- Arnar Sigurmundsson, Samfrost
- Gunnar I. Hafsteinsson, útgerðarmaður
- Hilmar Thors, Samlíf

- Kolbeinn Kristinsson, Myllan
- Sveinn P. Jónsson, Nýherji-Radíóstofan
- Tryggvi Guðmundsson, Flugleiðahótel
- Víglundur Þorsteinsson, BM Vallá
- Jónína Gissurardóttir, ritari, SA

Evrópumál:

- Gústaf Adolf Skúlason, formaður, SA
- Friðrik J. Arngrímsson, LÍÚ
- Friðrik Jóhannsson, Burðarás
- Gunnar Örn Kristjánsson, SÍF
- Gunnar Tómasson, Þorbjörn Fiskanes
- Hrannar Pétursson, ÍSAL
- Jón Sigurðsson, Verslunarráð
- Jón Steindór Valdimarsson, SI
- Per Henje, Kaupþing
- Pétur Einarsson, Íslandsbanki-FBA
- Pétur J. Eiríksson, Flugleiðir
- Sigurgeir Örn Jónsson, Kaupþing
- Sigurður Tómas Björgvinsson, PWC
- Sigurður Jónsson, SVP
- Sveinn Hannesson, SI
- Sveinn Hjörtur Hjartarson, LÍÚ
- Arndís Arnardóttir, ritari, SA

Nýtt skipurit

Haustið 2000 var tekið upp nýtt skipurit á skrifstofu Samtaka atvinnulífsins. Er það ein af afurðum viðtæks stefnumótunarstarfs sem unnið hefur verið með ráðgjafarfirmum Corporate Lifecycles um heildarmarkmið nýrra samtaka annars vegar og um skipulag og markmið skrifstofu þeirra hins vegar. Meðal markmiða að baki hinu nýja skipuriti má nefna skýrari verkaskiptingu, skýrari markmið starfseminnar, aukið frumkvæði, aukið hlutverk á öðrum sviðum en í kjaramálum, aukna þjónustu við félagsmenn, sterkari ímynd, aukinn sveigjanleika og meira kynningarstarf.

Hlutverk samtakanna í heild er að vinna að því að starfsumhverfi fyrirtækja þróist með þeim hætti að arðsamt atvinnulíf eflist og dafni og geti staðið undir góðum lífskjörum á Íslandi.

Helstu hlutverk skrifstofu samtakanna eru að hafa fyrir hönd samtakanna umsjón með gerð og túlkun kjarasamninga, gæta hagsmuna félagsmanna í málaflokkum sem varða atvinnulífið í heild og veita félagsmönnum þjónustu og ráðgjöf eftir þörfum. Þá hefur hún umsjón með sameiginlegri stefnumótunar- og málefnavinnu innan SA og sér um að fylgja stefnunni eftir með upplýsingamiðlun og öðrum hætti.




Helstu ábyrgðarsvið vinnumarkaðssviðs eru að stuðla að framgangi hagkvæmra lausna á vinnumarkaði sem varðveita sveigjanleika og viðhalda stjórnunarrétti fyrirtækja, stuðla að bættum samskiptum fyrirtækja og starfsmanna, koma í veg fyrir ágreining á vinnustöðum og að leysa úr ágreiningi og stuðla að vinnufriði.

Helstu ábyrgðarsvið stefnumótunar- og samskiptasviðs eru að samtökin sýni frumkvæði og hafi ævinlega skýra stefnu, að tryggja miðlun réttra upplýsinga um stefnu og starfsemi, byggja upp og viðhalda góðri ímynd SA, og að koma SA í fremstu röð við að nýta upplýsingatækni.

Helstu ábyrgðarsvið hagdeildar eru að bregðast við óskum og kröfum um verkefni af hálfu stjórnar eða annarra eininga innan SA og að færa umræðu um efnahagsmál inn á nýjar brautir þar sem þörf krefur.

Helstu ábyrgðarsvið skrifstofusviðs eru að tryggja skilvirkni í rekstri SA og að veita öðrum sviðum á skrifstofu SA almenna skrifstofuþjónustu.

Skipurit skrifstofu Samtaka atvinnulífsins



ÁRSREIKNINGUR 2000



ÁRITUN ENDURSKOÐANDA

Við höfum endurskoðað ársreikning Samtaka atvinnulífsins og Vinnudeilusjóðs fyrir árið 2000. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi, yfirlit yfir reikningskilaaðferðir og skýringar. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum samtakanna og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka. Endurskoðunin, sem tekur mið af mati okkar á mikilvægi einstakra þátta og áhættu, felur í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar sem koma fram í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samtakanna á árinu 2000, efnahag þeirra 31. desember 2000 og breytingu á handbæru fé á árinu 2000, í samræmi við lög, samþykktir samtakanna og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 27. mars 2001


PricewaterhouseCoopers ehf.

Stefán Bergsson, sign
löggtur endurskoðandi

REKSTRARREIKNINGUR SAMTAKA ATVINNULÍFSINS FYRIR ÁRIÐ 2000

	2000	1999 1/7 - 31/12	VSÍ/VMS 1999 1/1 - 30/06
Rekstrartekjur			
Árgjöld aðildarfélaganna	142.344.316	61.562.800	62.831.094
Þjónustusamningar	2.200.348	1.440.207	1.421.989
Styrkur til hag- og tæknideildar	2.140.000	0	3.740.000
Félagsheimilaskjöldur	4.990.650	2.452.505	2.220.844
Þóknun frá Vinnudeilusjóði v. fjárvörslu	2.500.000	9.719.737	0
Aðrar tekjur	1.509.263	3.126.480	4.299.007
	155.684.578	78.301.729	74.512.934
Rekstrargjöld			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	96.800.089	55.374.819	49.407.732
Kostnaður v. funda og móta	11.785.967	5.866.118	7.227.092
Útbreiðslu- og félagsmál	11.135.741	11.010.766	4.899.670
Rekstur húsnæðis og annarra eigna	6.055.206	3.251.380	4.432.138
Fyrningar	1.659.849	1.286.125	819.438
	127.436.852	76.789.209	66.786.070
Hagnaður fyrir fjármunatekjur og (-gjöld)	28.247.726	1.512.520	7.726.864
Fjármunatekjur og (-gjöld)			
Vaxtatekjur	2.235.986	994.160	2.177.573
Vextir og verðbætur	(96.636)	(98.004)	(34.107)
Reiknuð gjöld v. verðlagsbreytinga	(3.138.911)	(1.749.643)	(1.379.234)
	(999.560)	(853.486)	764.232
Hagnaður tímabilsins	27.248.166	659.034	8.491.096

Greidd árgjöld 2000
Flokkun eftir atvinnugreinum



EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2000

EIGNIR

Fastafjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir:

	2000	1999
Fasteign Garðastræti 41	65.000.000	65.000.000
Skrifstofuáhöld og búnaður	2.217.063	3.061.138
Bífreið	0	4.078.868
Sumarhús	1.966.523	1.966.523
	69.183.585	74.106.528

Veltufjármunir

Vinnudeilusjóður	73.114.875	24.473.975
Viðskiptamenn	8.811.534	2.191.224
Sjóður og bankainnstæður	31.761.419	56.783.670
	113.687.828	83.448.869

Eignir samtals	182.871.413	157.555.397
-----------------------------	--------------------	--------------------

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2000

EIGIÐ FÉ OG SKULDIR

Eigið fé

Óráðstafað eigið fé	171.216.097	140.829.021
Söguritunarsjóður	3.300.000	5.100.000
	174.516.097	145.929.021

Skammtímaskuldir

Ýmsar skammtímaskuldir	8.355.316	11.626.376
------------------------------	-----------	------------

Eigið fé og skuldir samtals	182.871.413	157.555.397
--	--------------------	--------------------

ÁRITUN FORMANNS FRAMKVÆMDASTJÓRNAR.

Meðfylgjandi ársreikningar, Samtaka atvinnulífsins voru samþykktir á framkvæmdastjórnafundi 27. mars 2001.

F.h. framkvæmdastjórnar.

Finnur Geirsson, formaður sign.

Ari Edwald, framkvæmdastjóri, sign.

REKSTRARREIKNINGUR VINNUDEILUSJÓÐS FYRIR ÁRIÐ ÁRIÐ 2000

Rekstrartekjur

Árgjöld aðildarfélaganna	30.279.521
Fjármunatekjur	51.575.701

2000

1999

30.279.521

51.575.701

31.332.393

337.536.584

81.855.222

368.868.977

Rekstrargjöld

Greiðslur bóta v. vinnudeilna	53.490.026
Árgreiðsla til NEMIA	652.719
Málflutnings- og lögfræðikostnaður	3.636.138
Póknun til Samtaka atvinnulífsins vegna fjárvörslu	2.500.000
Reiknuð gjöld v. verðlagsbreytinga	32.593.583
Vaxtagjöld, Innheimtukostnaður o.fl.	1.949.486

53.490.026

652.719

3.636.138

2.500.000

32.593.583

1.949.486

4.890.000

703.223

647.005

9.719.737

65.474.295

57.923

94.821.952


81.492.183

Hagnaður (tap) ársins

(12.966.730)

287.376.793

Skipting verðbréfaeignar
Vinnudeilusjóðs 31.12. 2000



EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2000

EIGNIR

Fastafjármunir

Áhættufjármunir:	
Eiginfjárframlag til NEMIA	12.421.900
Hlutabréf	825.844.080

2000

1999

12.421.900

825.844.080

12.421.900

750.940.409

838.265.980

763.362.309

Langtímakröfur

Verðbréf	689.838.382
Næsta árs afborgun verðbréfa	(68.234.222)

689.838.382

(68.234.222)

720.713.128

(66.762.622)

621.604.160

653.950.506

Fastafjármunir samtals

1.459.870.140

1.417.312.815

Veltufjármunir

Skammtímakröfur:	
Víxileign og viðskiptakröfur	30.767.448
Gjaldf. afborganir og vextir	3.218.541
Næsta árs afborgun verðbréfa	68.234.222
Bankainnstæður	61.342.581

30.767.448

3.218.541

68.234.222

61.342.581

30.135.284

1.452.721

66.762.622

39.501.737

163.562.791

137.852.364

Eignir samtals

1.623.432.931

1.555.165.178

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2000

EIGIÐ FÉ OG SKULDIR

Eigið fé

Óráðstafað eigið fé	1.550.318.056
---------------------	---------------

2000

1999

1.550.318.056

1.530.691.203

Skammtímaskuldir

Samtök atvinnulífsins	73.114.875
-----------------------	------------

73.114.875

24.473.975

Eigið fé og skuldir samtals

1.623.432.931

1.555.165.178